

efnisyfirlit

Starfsemi og skipulag	3
Matvælaöryggi	6
Heilbrigði dýra	11
<i>Skýrsla sóttvarnadýralæknis</i>	11
<i>Rannsóknadeild dýrasjúkdóma</i>	12
<i>Tilkynningar- og skráningarskyldir sjúkdómar</i>	13
<i>Nautgripir og sauðfé</i>	13
<i>Fiskeldi</i>	16
<i>Hross</i>	19
<i>Loðdýr</i>	21
<i>Svín</i>	22
Dýravernd	26
<i>Tilraunadýr</i>	26
Inn- og útflutningur	28

Útgefandi

Embætti yfirdýralæknis

Umsjón með útgáfu

Hrund Hólm

Prentun

Svansprent ehf.

Ársskýrslan er prentuð í 115 eintökum og er jafnframt birt á vef embættisins.

Heimilt er að birta efni úr ritinu enda skal jafnan getið heimildar.

starfsemi og skipulag

STARFSMENN EMBÆTTIS YFIRDÝRALÆKNIS 2005

Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir

Sigurður Örn Hansson, aðstoðaryfirdýralæknir

Aðalsteinn Sveinsson, eftirlitsdýralæknir

Auður Lilja Arnþórsdóttir, dýralæknir jógursjúkdóma og sóttvarnadýralæknir

Ármann Gunnarsson, héraðsdýralæknir Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmi

Bárður Guðmundsson, héraðsdýralæknir Þingeyjarumdæmi

Bergþóra Eiríksdóttir, dýralæknir tilraunadýra og eftirlitsdýralæknir

Björn Steinbjörnsson, héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmi nyrðra

Brigitte Brugger, eftirlitsdýralæknir

Egill Gunnlaugsson, héraðsdýralæknir Vestur-Húnaþingsumdæmis

Einar Otti Guðmundsson, eftirlitsdýralæknir

Ellen Ruth Ingimundardóttir, eftirlitsdýralæknir

Gísli Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma

Gísli Sverrir Halldórsson, dýralæknir inn- og útflutningseftirlits búfjárafurða

Gunnar Gauti Gunnarsson, héraðsdýralæknir Borgarfjarðar- og Mýraumdæmis

Gunnar Örn Guðmundsson, héraðsdýralæknir Gullbringu- og Kjósarumdæmis

Gunnar Þorkelsson, héraðsdýralæknir Vestur-Skaftafellsumdæmis

Hákon Hansson, héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra

Hjörtur Magnason, héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmi nyrðra

Hrund Hólm, dýralæknir á aðalskrifstofu (fæðingarorlof)

Hrund Lárusdóttir, eftirlitsdýralæknir

Hörður Sigurðsson, dýralæknir loðdýrasjúkdóma

Jarle Reiersen, dýralæknir alifuglasjúkdóma

Jón Pétursson, héraðsdýralæknir í Vestfjarðarumdæmi á sauðburði

Katrín Andrésdóttir, héraðsdýralæknir Suðurlandsumdæmis

Kjartan Hreinsson, héraðsdýralæknir Austur-Skaftafellsumdæmis

Konráð Konráðsson, dýralæknir svínasjúkdóma

Kristín Silja Guðlaugsdóttir, eftirlitsdýralæknir

Kristín Björg Guðmundsdóttir, dýralæknir á Rannsóknadeild dýrasjúkdóma

Margrét Jónsdóttir, aðstoðarmaður á Rannsóknadeild dýrasjúkdóma

Ólafur Valsson, héraðsdýralæknir Skagafjarðar- og Eyjafjarðarumdæmis í leyfi frá 1. september 2003

Ómar Runólfsson, aðstoðarmaður á rannsóknadeild dýrasjúkdóma

Rúnar Gíslason, héraðsdýralæknir Snæfellsnesumdæmis

Sigríður Björnsdóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma

Sigríður Poulsen, aðstoðarmaður á Rannsóknadeild dýrasjúkdóma

Sigríður Inga Sigurjónsdóttir, héraðsdýralæknir Vestfjarðarumdæmis

Sigurbjörg Ó. Bergsdóttir, héraðsdýralæknir Dalaumdæmis

Sigurður Sigurðarson, dýralæknir sauðfjár- og nautgripasjúkdóma

Stefán Friðriksson, héraðsdýralæknir Austur-Húnaþingsumdæmis

Sverrir Þ. Sverrisson, framkvæmdastjóri

Vignir Sigurólason, héraðsdýralæknir Þingeyjarumdæmi


Þorvaldur H. Þórðarson dýralæknir á aðalskrifstofu (í fjarveru Hrundar Hólms)

Aðrir launþegar

Auk fastra starfsmanna embættisins á árinu voru fimmtán launþegar sem störfuðu tímabundið við viðhald

varnargirðinga og sauþján sem störfuðu sem aðstoðarmenn kjötskoðunarlækna. Að auki er nokkuð um verktaka sem sinna viðhaldi girðinga.

SKIPURIT




Umfjöllun um helstu störf og hlutverk innan embættisins má sjá í ársskýrslum síðustu ára.

UPPLÝSINGAMÁL

Á vef embættis yfirdýralæknis sem var settur upp árið 2002 er að finna margvíslegar upplýsingar um þá málaflokka sem heyra undir embættið auk þess sem reglulega eru birtar fréttatilkynningar og ýmsar greinar. Mælingar sýna að á árinu heimsóttu vefinn að jafnaði 212 gestir í hverri viku. Sjá má þróunina síðastliðin 4 ár á myndinni hér til hægri. Síðurnar um innflutning dýra, starfsmenn embættisins og lög og reglur voru þær mest sóttu eins og áður. Þegar þetta er ritað (apríl 2006) er vefurinn enn í notkun.

Vikulegir gestir á www.yfirdyralaeknir.is 2002-2005



REGLUGERÐIR OG NEFNDARSTÖRF

Yfirdýralæknir er stjórnvöldum til ráðgjafar um allt er varðar heilbrigðismál dýra og hollustuhætti við framleiðslu búfjárafurða. Þessu starfi sinnir embætti yfirdýralæknis á fleiri en einn máta svo sem með tillögum yfirdýralæknis til stjórnvalda, þátttöku starfsmanna í vinnu við endurskoðun eða nýsmíði reglugerða, auglýsingum um reglur og fundum með stjórnvöldum og nefndum Alþingis jafnt formlegum sem óformlegum. Jafnframt situr yfirdýralæknir í fjölmörgum nefndum og ráðum sem starfa fyrir stjórnvöld og eru þær helstu tilgreindar hér að neðan.

Yfirdýralæknir á sæti í eftirfarandi nefndum og stjórnnum

- ◆ Stjórn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum
- ◆ Lyfjanefnd
- ◆ Fisksjúkdómanefnd
- ◆ Tilraunadýranefnd
- ◆ Matvælaráði
- ◆ Stjórnskipaðri samstarfsnefnd um sóttvarnir
- ◆ Nefnd um vöktun sýklalyfjaónæmis í mönnum, dýrum og umhverfi
- ◆ Nefnd um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins
- ◆ Vinnuhópi um flutning Tilraunastöðvarinnar á Keldum
- ◆ Nefnd á vegum EFTA –Veterinary Working Group

Aðstoðaryfirdýralæknir á sæti í eftirfarandi nefndum

- ◆ Lyfjanefnd
- ◆ Stjórnskipaðri samstarfsnefnd um sóttvarnir
- ◆ Matvælaráði
- ◆ Starfshópi landbúnaðarráðherra um meðferð á sláturúrgangi

Starfsmenn yfirdýralæknis tóku þátt í nefndarstörfum og vinnu við endurskoðun og nýsmíði reglugerða eins og hér segir

- ◆ Fisksjúkdómanefnd: Gísli Jónsson
- ◆ Tilraunadýranefnd: Sigríður Björnsdóttir, Bergþóra Eiríksdóttir
- ◆ Dýralæknaráð: Gísli Jónsson
- ◆ Nefnd um nýfæði: Gísli Jónsson

Reglugerð um..

- ◆ aðbúnað hrossa; Sigríður Björnsdóttir
- ◆ aðbúnað og heilbrigðiseftirlit á svínabúum: Konráð Konráðsson
- ◆ eftirlit með fóðri: Jarle Reiersen, Konráð Konráðsson
- ◆ flutninga dýra: Sigurður Örn Hansson
- ◆ skilyrði á sviði dýraheilbrigðis sem áhrif hafa á markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra: Gísli Jónsson
- ◆ skilyrði á sviði dýraheilbrigðis vegna inn- og útflutnings fiskeldisdýra, afurða þeirra og flutningstækja: Gísli Jónsson
- ◆ slátrun búfjár: Sigurður Örn Hansson
- ◆ sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir við greiningu og staðfestingu á fisksjúkdómumum brisdrepi, iðradrepi og veirublæði: Gísli Jónsson
- ◆ tilraunadýr: Halldór Runólfsson, Sigríður Björnsdóttir, Bergþóra Eiríksdóttir
- ◆ varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins með innfluttum vörum: Gísli Sverrir Halldórsson, Halldór Runólfsson

ALÞJÓÐASAMSTARF

Samstarf og samskipti við yfirdýralæknisembætti annarra landa, alþjóðastofnanir, nefndir og ráð, er stór þáttur í starfsemi embættis yfirdýralæknis. Einkum er um að ræða eftirfarandi stofnanir og ráð:

- ◆ Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (OIE)
- ◆ Alþjóðastaðlaráðið (Codex alimentarius)
- ◆ Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO)
- ◆ Evrópska lyfjastofnunin (EMA)
- ◆ Evrópuráð vegna dýraverndarmála
- ◆ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins
- ◆ Norræna ráðherranefndin (NMR)

matvælaöryggi

Með það að markmiði að einungis öruggar búfjárafurðir fari á markað og til neytenda annast embættið eftirlit bæði á frumframleiðslustöðum og í vinnslustöðvum fyrir innlandan og erlendan markað. Starfi dýralæknis heilbrigðiseftirlits sláturdýra og sláturafurða gegndi á árinu Sigurður Örn Hansson.

SLÁTURHÚS Á ÍSLANDI

Á árinu störfuðu 19 sláturhús á landinu. Slátrun var hætt í Minni-Vatnsleysu og slátrun var hafin í endurbættu sláturhúsi í Búðardal. Á næstu síðu má sjá töflu yfir sláturhús, kjötvinnslur og frystigeymslur í sláturhúsum á Íslandi árið 2005. Engar breytingar urðu á útflutningsleyfum sláturhúsa og kjötvinnslna.

EFTIRLIT MEÐ KJÖTFRAMLEIÐSLU

Héraðsdýralæknar annast árlega skoðun á sláturhúsum en dýralæknir heilbrigðiseftirlits hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum. Á árinu lauk vinnu við eftirlitshandbók og var hún send héraðsdýralæknum og síðan kynnt á fundum með þeim á Akureyri og í Reykjavík. Eftirlitshandbókin hefur nú verið sett á vef Landbúnaðarstofnunar. Rögnvaldur Ingólfsson dýralæknir útbjóg eftirlitshandbók fyrir eftirlit kjötskoðunarlækna í alifuglasláturhúsum og hefur hún einnig verið sett á vefinn.

Erlendar eftirlitsheimsóknir

Eftirlitsmaður frá eftirlitsdeild landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna dvaldi hér á landi dagana 9.-22. september. Hann gerði úttekt á heilbrigðiseftirliti embættisins í sláturhúsum og skoðaði þau sláturhús sem hafa útflutningsleyfi á Bandaríkjamarkað. Skoðunin gekk mjög vel, fáar athugasemdir voru gerðar og tókst því að halda ástandinu í sama horfi og var eftir skoðunina 2004.

Aðskotaefnaeftirlit

Leitað var að sömu efnum og efnasamböndum og árið 2004, sjá töflu á síðu 8. Alls voru gerðar 1154 mælingar á sýnum vegna sláturafurða, mjólkur og eldisfisks.

Lífrænt fosfórefni greindist í einu mjólkursýni. Öll önnur sýni voru ýmist undir greiningamörkum eða langt undir leyfilegum mörkum.

Tríkinurannsóknir

Tekin voru tríkinusýni af öllum hrossum sem slátrað var vegna útflutnings á Evrópusambandsmarkað, alls 65 sýni. Tríkinur greindust ekki í neinu sýnanna enda hafa þær aldrei greinst í íslenskum dýrum.

Tegundagreining

Til að tegundagreina kjöt voru tekin 3 sýni í þeim sláturhúsum sem hafa útflutningsleyfi á Bandaríkjamarkað. Sýnin eru greind á Keldum og á sama hátt og undanfarin ár, þ.e. með ELISU aðferð.

Aðrar sýnatökur

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá fjölda sýna sem voru tekin vegna eftirlits yfirdýralæknis 2005. Sjá umfjöllun um sýnatökur vegna salmonellu í svínunum á síðu 22.

Sýni vegna eftirlits yfirdýralæknis 2005¹⁾

Tegund sýna	Ástæða sýnatöku	Fjöldi
Pindarsýni úr hrossum	Tríkinuleit	65
Vöðvasýni	Tegundagreining	3
Mjólkursýni	Sýklalyfjaleit	215
Nýrnasýni úr hrossum	Sýklalyfjaleit	51
Nýrnasýni úr nautgripum	Sýklalyfjaleit	88
Nýrnasýni úr sauðfé	Sýklalyfjaleit	118
Nýrnasýni úr svínunum	Sýklalyfjaleit	53
	Alls	593

1) Sýnatökur vegna salmonellueftirlits - sjá skýrslur dýralækna svína- og alifuglasjúkdóma

Hrefnukjöt

Tilraunaveiðar á hrefnum voru aftur heimilaðar á árinu. Hrefnurnar voru skornar um borð í hrefnuveiðibátunum en frekari vinnsla fór fram í kjötvinnslu í Kópavogi. Héraðsdýralæknir í Gullbringu- og Kjósarumdæmi annaðist að mestu heilbrigðisskoðun á afurðunum. Fáeinum dýrum var landað í öðrum umdæmum og viðkomandi héraðsdýralæknar önnuðust þá yfirleitt heilbrigðisskoðun.

Sláturhús / kjötvinnslur / frystigeymslur 2005

Nr.	LEYFISHAFI	STAÐUR	STARFSEMI	DÝRATEG.	ÚTFLUTNINGSLEYFI*		
					JAP	ESB	USA
2	Borgarnes kjötvörur	Borgarnesi	SL, KV, FG	H, N, SV	H, N, SV		
4	Stjómugrís	Kjalarnesi	SL	SV	SV		
8	B. Jensen	Akureyri	SL, KV	H, N, SV			
9	Sild og fiskur ¹⁾	Minni-Vatnsleysu	SL	SV			
11	Dalalamb	Búðardal	SL, FG, KV	SA	SA		
22	Kaupfélag V-Húnvetninga	Hvammstanga	SL, FG, KP, KR	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV	H, N, SA	SA
23	Sólufélag A-Húnvetninga	Blönduósi	SL, FG, KP, KV	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV	H, N, SA	
24	Sláturfélag Suðurlands	Kirkjubæjarklaustri	SL, FG	SA	SA		
29	Norðlenska	Akureyri	SL, FG	H, N, SV	H, N, SV		
31	Norðlenska	Húsavík	SL, KV, FG, KP, KV	SA	SA	SA	SA
32	Fjallalamb	Kópaskeri	SL, FG, KV	SA	SA		
33	Sláturfélag Vopnafirðinga	Vopnafirði	SL, FG	H, N, SA	SA		
40	Búi	Höfn	SL, FG, KP	H, N, SA, SV	SA	SA	
47	Kaupfélag Króksfjarðar	Króksfjarðarnesi	SL, FG	H, N, SA, SV	SA		
50	Kaupfélag Skagfirðinga	Sauðárkróki	SL, FG, KP, KV, KR	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV	SA	
67	Sláturhúsið	Hellu	SL	H, K, N, SV	H, N, SV		
80	Ísen	Höfn	SL	A			
81	Sláturfélag Suðurlands	Selfossi	SL, FG, KP, KV	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV	H, SA	SA
100	Sláturfélag Suðurlands	Hvolsvelli	FG, KV	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV		
120	Kjarnafæði	Svalbarðseyri	FG, KV	H, N, SA, SV	H, N, SA, SV		
200	Ísfugl	Mosfellsbæ	SL, KV, FG	A			
202	Mósi	Stiklum	SL	A			
205	Reykjagarður	Hellu	SL, KV, FG	A			
210	Matfugl	Mosfellsbæ	SL, KV, FG	A			
215	Íslandsfugl	Dalvík	SL, KV, FG	A			
220	Eimskip	Hafnarfirði	FG	H, N, SA, SV		H, N, SA	
221	Kuldaboli	Þorlákshöfn	FG, KP	H, N, SA, SV		H, N, SA	

1) Sláturhúsið á Minni-Vatnsleysu hætti rekstri á árinu

Skýringar með töflu

Starfsemi

SL Sláturhús
 FG Frystigeymsla
 KV Kjötvinnsla
 KP Kjötpökkun
 KR Kryddun

Dýrategundir

A Alifuglar
 H Hross
 K Kanínur
 N Nautgripir
 SA Sauðfé
 SV Svín

Útflutningsleyfi

ESB Útflutningsleyfi til ESB
 USA Útflutningsleyfi til USA
 JAP Útflutningsleyfi til Japan

*Útflutningsleyfi gildir fyrir þá dýrategund sem skráð er í viðkomandi dálk

Aðskotaefnamælingar 2005

A	Sauðfé	Naut	Hross	Svin		Alifuglar	Mjólk	Eldisfiskur	Vefur/matrix	Rannsóknarstofa
Stilbenes	12	9		2					þvag	SLV
Thyrostats	12	7	4	2					þvag	SLV
Steroids:										
Oestradiol		10							plasma	SLV
Trenbolone									þvag	SLV
Zeranol		5		2					þvag	SLV
Beta-agonists	12	5	6	2					þvag	SLV
IV Chloramphenicol	14	5		0					vöðvi	SLV
A alls:	46	41	10	8						
B₁										
Antibacterials	118	88	51	53			215		nýra/mjólk	KELDUR
Tetracycline	4	5	1	2					vöðvi	SLV
Sulfa	4	5							vöðvi	SVA
Hníslasóttarlyf						10			vöðvi	OSLO
Oxolinic acid							70		vöðvi	Ringssted
B₁ alls:	126	98	52	55		10	215	70		
B₂										
Ivermectin	13	4	8	4					lifur	SLV
Doramectin	13	4	8	4					lifur	SLV
Benzimidazol	29	5	13	8					lifur	OSLO
Moxidectin	13	4	8	4					lifur	SLV
B₂ alls:	68	17	37	20						
B₃										
Lífræn klórkolefnisambönd	5	2	10	2		1	17		fita	AnalyCen
Lífræn fosfórsambönd	5	2	10	2		1	17		fita	AnalyCen
Sveppaeitur							22		mjólk	SLV
Ólífræn snefilefni:										
Pb	4	5	10	1			32		lifur/mjólk	RF
Cd	4		10			1	32		lifur/mjólk	RF
Hg	4		10				32		lifur/mjólk	RF
As			4	4			32		vöðvi/mjólk	RF
B₃ alls:	22	9	54	9		3	184			
Samtals:	262	165	153	92		13	399	70	Alls	1154

SLV = Rannsóknarstofnun matvælastofnunarinnar í Uppsölum, Svíþjóð
 KELDUR = Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum
 SVA = Rannsóknastofnun í dýrasjúkdómum, Uppsölum, Svíþjóð
 OSLO = Dýralæknaháskólinn í Ósló, Noregi
 Rf = Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins

DÝRAVERND VIÐ FLUTNING OG SLÁTRUN

Með breytingu á lögum nr. 15/1993 um dýravernd var Umhverfisstofnun falið eftirlit með framkvæmd laganna en hún getur falið heilbrigðisnefnd eftirlit og framkvæmd þvingunarúrræða. Kjötskoðunarlæknar embættis yfirdýralæknis sinna eftirliti með dýravernd við flutning dýra í sláturhús og við slátrun samkvæmt heimild í reglugerð nr. 461/2003 um slátrun og meðferð sláturafurða og reglugerð nr. 168/1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum með áorðnum breytingum en án skýrrar lagaheimildar. Staðan er því sú að nú fylgjast tvær stofnanir með velferð dýra í flutningum og við slátrun. Þetta ástand var enn óbreytt í árslok 2005 og orðið mjög brýnt að lögum um dýravernd verði breytt. Embætti yfirdýralæknis gerði átak til þess að fylgjast með smitvörnum við flutninga sláturfjár haustið 2005 og gaf þá einnig gaum dýravernd við þessa flutninga. Sigurður Sigurðarson dýralæknir heimsótti öll sauðfjársláturhús landsins í þessum tilgangi.

BREYTINGAR Á HEILBRIGÐISEFTIRLITI MEÐ SLÁTURAFURÐUM

Dýralæknir heilbrigðiseftirlits með sláturdýrum og sláturafurðum tók áfram þátt í starfi norræns starfshóps um aðlögun að nýjum reglum Evrópusambandsins um heilbrigðiseftirlit í sláturhúsum, sjá nánar í ársskýrslu embættis yfirdýralæknis árið 2003. Á árinu var unnið að þremur minni verkefnum hér á landi undir merkjum þessa norræna starfshóps. Tvö þeirra voru svokölluð fæðukeðjuverkefni, annars vegar í sauðfjárslátrun og hins vegar í hrossaslátrun. Myndaðir voru tveir verkefnishópar til að vinna að þessum verkefnum. Tilgangurinn með þessum verkefnum var að átta sig á hvaða kröfur væru gerðar í nýrri löggjöf Evrópusambandsins varðandi fæðukeðjuupplýsingar, hvernig við erum í stakk búin til að uppfylla þessar kröfur hér á landi í sauðfjárslátrun og hrossaslátrun og prófa í lambaslátrun og folaldaslátrun að vinna eftir þessum nýju reglum. Verkefnið í lambaslátrun var unnið hjá Norðlenska á Húsavík og gekk mjög vel. Verkefnið með folaldaslátrun gekk líka vel nema að því leyti að ekki tókst að prófa í reynd að vinna eftir nýju reglunum því enn vantar verulega upp á að kröfur um merkingar á hrossum, skráningar á sjúkdómum og lyfjameðferð sláturhrossa séu uppfylltar.

Þriðja verkefnið voru mælingar haustið 2004 á bogfrymlum í 450 sláturlömbum frá 30 búum. Ráðgert var að endurtaka sýnatökuna á sömu búum haustið 2005 og kanna hvort unnt væri að nota slíkar mælingar til að segja fyrir um hvort líkur séu á að kjötið sé mengað með bogfrymlum og þurfi að frysta það. Ekki tókst að ná öllum ráðgerðum sýnum haustið 2005.

EFTIRLIT MEÐ MJÓLKURFRAMLEIÐSLU

Yfirdýralæknir hefur yfirstjórn vegna útflutnings búfjárafurða og þar með eftirliti á mjólkurbúum sem hafa útflutningsleyfi. Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafa þar að auki árlegt eftirlit með búunum. Veiting útflutningsleyfa fyrir mjólkurstöðvar fer fram með svipuðum hætti og fyrir sláturhús.

Afurðastöðvar í mjólkuriðnaði á Íslandi 2005

Nr.	Afurðastöð	Útflutningsleyfi
1001	Mjólkursamsalan í Reykjavík	ESB
1008	Mjólkursamlagið í Búðardal	ESB
1018	Mjólkursamlag Ísfirðinga	ESB
1024	Mjólkursamlag Húnvetninga	ESB
1026	Mjólkursamlag KS	ESB
1030	Norðurmjólk	ESB
1067	Mjólkursamlag Vopnfirðinga hf	
1069	Mjólkurstöð MBF Egilsstöðum	
1070	Mjólkurbú Flóamanna	ESB

NÁMSKEIÐ, VERKEFNI OG ERLEND SAMSKIPTI

Embætti yfirdýralæknis hélt eftirfarandi námskeið á árinu vegna eftirlits með sláturafurðum

- ◆ Námskeið fyrir aðstoðarfólk við heilbrigðisstoðun í sauðfjárslátrun á Húsavík. Sigurður Örn Hansson, Sigurður Sigurðarson og Bárður Guðmundsson kenndu á námskeiðinu.
- ◆ Málþing um nýjar reglur Evrópusambandsins varðandi fóður- og matvælaeftirlit. Aðalfyrirlesarar voru Ronald Dwinger frá Evrópusambandinu, Ólafur Oddgeirsson dýralæknir og Ólafur Guðmundsson forstöðumaður Aðfangaeftirlits.
- ◆ Tveir fundir voru haldnir í ágúst með héraðs-, sérgreina- og eftirlitsdýralæknum á Akureyri og í Reykjavík. Á fundunum var einkum fjallað um eftirlit í sláturhúsum og framtíðarverkefni í ljósi þess að Landbúnaðarstofnun tæki til starfa 1. janúar 2006.

Díoxín og PCB

Embætti yfirdýralæknis er aðili að samevrópsku verkefni um mælingu á díoxínunum, díoxínlíkum PCB efnunum og PCB efnunum í landbúnaðarafurðum, fóðri og í sjávarafurðum. Ráðgert er að verkefnið taki alls 4 ár en Framleiðnisjóður landbúnaðarins veitti styrk til mælinga á landbúnaðarafurðum á árinu 2003 og 2004. Engin sýni voru mæld á árinu 2005 vegna þess að ekkert fjármagn fékkst til þess frá ríkinu, en Framleiðnisjóður veitti 2,5 milljónir gegn móttframlagi frá ríkinu.

Norrænir starfshópar

Dýralæknir heilbrigðiseftirlits sláturdýra og sláturafurða starfaði í eftirfarandi norrænum starfshópum:

1. Starfshópur um endurskoðun á heilbrigðiseftirliti með sláturafurðum (sjá nánar í ársskýrslu frá 2003)
2. Starfshópur um heilahrönnunarsjúkdóma
3. Starfshópur til undirbúnings á samnorrænni æfingu í viðbrögðum við gin- og klaufaveiki.

Dýralæknir heilbrigðiseftirlits með sláturdýrum og sláturafurðum sótti nokkra fundi hjá Evrópusambandinu í Brussel um nýja löggjöf Evrópusambandsins um matvælaeftirlit.

Jarðgerð á sláturúrgangi

Sérgreinadýralæknir heilbrigðiseftirlits sláturdýra og sláturafurða fór í kynnisferð til Finnlands ásamt hópi frá tveimur sláturleyfishöfum og Samtökum iðnaðarins. Ferðin var liður í því að leita nýrra úrræða til að farga sláturúrgangi því ljóst er að brátt verður óheimilt að grafa hann ómeðhöndlaðan. Sérgreinadýralæknir gerði drög að skilyrðum sem uppfylla þarf vegna jarðgerðar á sláturúrgangi. Við gerð þeirra var haft að leiðarljósi að koma í veg fyrir að riðusmitefni og garnaveikisýklar geti dreifst.

heilbrigði dýra

Í þessum kafla er birt samantekt úr ársskýrslu Rannsóknadeildar dýrasjúkdóma á Keldum og úr ársskýrslum eftirfarandi sérgreinadýralækna: sóttvarnadýralæknis, dýralækna nautgripa- og sauðfjársjúkdóma, fisksjúkdóma, hrossasjúkdóma, loðdýrasjúkdóma og svínasjúkdóma. Skýrslu dýralæknis heilbrigðiseftirlits sláturdýra og sláturafurða er að finna í kaflanum um matvælaöryggi, skýrslu dýralæknis inn- og útflutnings- eftirlits búfjárafurða er að finna kaflanum um inn- og útflutning og skýrslu dýralæknis tilraunadýra er að finna í kaflanum um dýravernd. Ársskýrsla dýralæknis alifuglasjúkdóma barst ekki í tæka tíð.

SKÝRSLA SÓTTVARNADÝRALÆKNIS

Auður Lilja Arnþórsdóttir gegnir stöðu sóttvarnadýralæknis og hefur hún aðsetur á Hvanneyri.

SAMNORRÆN ÆFING Í VIÐBRÖGÐUM VIÐ GIN- OG KLAUFAVEIKI

Æfing í viðbrögðum við gin- og klaufaveiki var haldin 19.-23. september 2005 á öllum Norðurlöndunum. Æfingin var undirbúin bæði á landsvísu í hverju landi og einnig á samnorrænum grunni. Hún var haldin að frumkvæði yfirdýralækna á Norðurlöndunum, með styrk frá Norræna ráðherraráðinu. Embætti yfirdýralæknis stóð straum af kostnaði við undirbúning æfingarinnar hér á landi en Framleiðnisjóður landbúnaðarins, framkvæmdanefnd búvörusamninga og Icepharma veittu styrki til framkvæmdar hennar. Í undirbúningshópi fyrir æfinguna voru Auður Lilja Arnþórsdóttir sóttvarnadýralæknir, Sigurður Örn Hansson aðstoðaryfirdýralæknir, Gunnar Örn Guðmundsson héraðsdýralæknir og Konráð Konráðsson dýralæknir svínasjúkdóma.

Viðbrögð við alvarlegum smitandi búfjársjúkdómum eru að grunni til eins fyrir alla sjúkdóma, aðeins stigsmunur á eftir því hversu hratt þeir breiðast út og hvaða dýrategundir sýkjast. Ákjósanlegt er að nota gin- og

klaufaveiki fyrir viðbragðsæfingar þar sem að hún tekur til allra klaufdýra og er mjög smitandi þannig að setja þarf miklar hömlur á flutninga dýra og annars sem getur borið smitið, sem og ferðir fólks.

Markmið æfingarinnar var að prófa viðbragðsáætlanir Norðurlandanna vegna gin- og klaufaveiki við þær aðstæður að sjúkdómurinn komi upp í öllum löndunum nær samtímis. Meginmarkmið íslenska hluta æfingarinnar var að æfa viðbrögð við grun um gin- og klaufaveiki í sláturhúsi, á sauðfjárþú, á rannsóknarstofu og í stjórnstöð (aðalskrifstofu yfirdýralæknis), og kanna hvernig gengi að vinna eftir viðbragðsáætlunum yfirdýralæknis, sláturhúss og rannsóknarstofu. Áhersla var lögð á sendingu sýna og tilkynninga, bæði innanlands og á milli Norðurlandanna. Æfingin tókst vel en í ljós komu ýmsir veikleikar í viðbrögðum eins og við var að búast. Ítarleg skýrsla var skrifuð um æfinguna og í lokakafla hennar er listi yfir verkefni sem þarf að vinna til að bæta viðbúnað yfirdýralæknisembættisins vegna alvarlegra smitandi búfjársjúkdóma.

VIÐBÚNAÐUR VEGNA ALVARLEGRA SMITANDI BÚFJÁRSJÚKDÓMA

Samhliða undirbúningi á æfingu í gin- og klaufaveiki var unnið að endurbótum á viðbragðsáætlun og viðbúnaði yfirdýralæknisembættisins. Í samvinnu við formann Landssambands sláturleyfishafa voru einnig unnin drög að viðbragðsáætlun fyrir sláturhúsið á Blönduósi sem ætlunin er að megi nýta sem líkan að viðbragðsáætlunum fyrir önnur sláturhús. Á sama tíma var á vegum Tilraunastöðvar HÍ að Keldum unnin viðbragðsáætlun fyrir rannsóknarstofuna þar.

Í nóvembermánuði skipaði yfirdýralæknir starfshóp til að skipuleggja og vinna að viðbúnaði vegna influensu í fuglum, sem þá var farin að breiðast út um heiminn. Í starfshópnum eru Auður Lilja Arnþórsdóttir sóttvarnadýralæknir, Gunnar Örn Guðmundsson héraðsdýralæknir, Konráð Konráðsson dýralæknir svínasjúkdóma og Jarle Reiersen dýralæknir alifuglasjúkdóma.

BÚFJÁR- OG SJÚKDÓMASKRÁNING

Tölvudeild Bændasamtaka Íslands hefur frá árinu 2003 unnið að gerð tölvukerfis fyrir landbúnaðarráðneytið til skráningar á einstaklingsmerkingum búfjár, sjúkdómum og meðhöndlun, samkvæmt ákvæðum í reglugerð um einstaklingsmerkingar búfjár nr. 463/2003. Á árinu 2005 var áfram unnið að undirbúningi þess hluta kerfisins sem lýtur að skráningu sjúkdóma og lyfjameðhöndlun dýra og kom sóttvarnadýralæknir að þeirri vinnu.

HESTAINFLÚENSA Í HUNDUM Í BANDARÍKJUNUM

Í Bandaríkjunum greindist í fyrsta sinn sjúkdómur í hundum af völdum hestainflúensuveiru A/equine 2 (H3N8). Hestainflúensa hefur ekki greinst hér á landi en gæti haft verulega alvarlegar afleiðingar bærisk hún til landsins. Þess vegna var gripið til þeirra varúðarráðstafana að taka sýni úr öllum innfluttum hundum í einangrunarstöð og rannsaka með tilliti til þessarar veiru. Öll sýni hafa verið neikvæð. Sjá nánar um þetta á síðu 19.

LIFRARBÓLGA Í HUNDUM

Hundaeigendur og dýralæknar töldu sig verða meira vara við sjúkdómseinkenni í hundum sem gætu bent til smitandi lifrabólgu, sem orsakast af adenoveiru. Í lok ársins var könnun gerð á meðal dýralækna um fjölda greindra tilfella á árinu og hvort þeir teldu að um aukningu væri að ræða frá fyrra ári. Svör bárust frá 12 dýralæknum og 8 dýralæknamiðstöðvum og stofum. Í allt voru aðeins 5 staðfest tilfelli á árinu en grunur um töluvert fleiri. Fjöldi staðfesta tilfella var svipaður árið áður en erfitt er að meta hvort aukning er í fjölda grunsamlegra tilfella. Á árinu 2006 er fyrirhugað að skoða þetta nánar.

RANNSÓKNADEILD DÝRASJÚKDÓMA

Rannsóknadeild dýrasjúkdóma, áður rannsóknadeild sauðfjárveikivarna, hefur verið staðsett innan veggja Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum frá upphafi eða síðan 1948 og hefur heyrt undir landbúnaðarráðneytið og yfirdýralækni. Með lögum um Landbúnaðarstofnun

var Rannsóknadeild dýrasjúkdóma á Keldum lögð niður en hún mun þó starfa fram á haust 2006.

Forstöðumaður Rannsóknadeildarinnar er Sigurður Sigurðarson dýralæknir sem einnig gengir starfi dýralækis sauðfjár- og nautgripasjúkdóma. Auk hans starfaði Kristín Björg Guðmundsdóttir dýralæknir við deildina. Aðrir starfsmenn deildarinnar eru Sigríður Poulsen, Ómar Runólfsson og Margrét Jónsdóttir rannsóknarfólk og Slavko Helgi Bambir dýralæknir og meinafræðingur sem er í hlutastarfi.

Viðfangsefni Rannsóknadeildarinnar eru greining, skrásetning og útrýming smitsjúkdóma, rannsóknir og ráðgjöf til bænda, dýralækna og stjórnvalda auk þátttöku í rannsóknarverkefnum.

RANNSÓKNARVERKEFNI

Oxavarnarensím, snefilefni og riða

Verkefnið er unnið á vegum yfirdýralækis, í samvinnu við og undir stjórn Þorkels Jóhannessonar fyrrverandi prófessors Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Starfsmenn yfirdýralækis eru Sigurður Sigurðarson og Kristín Björg Guðmundsdóttir dýralæknar. Aðrir þátttakendur eru Jakob Kristinsson dósent, Rannsóknastofu HÍ í lyfja- og eiturefnafræði, og Tryggvi Eiríksson fôðurfræðingur, RALA. Verkefni þetta var samþykkt sem hluti af Evrópuverkefni 5. desember 2002. Nánari upplýsingar má fá í ársskýrslu embættis yfirdýralækis fyrir árið 2004.

Rannsóknir á hreindýrum í Noregi

Sigurður Sigurðarson lauk á árinu rannsóknnum sínum á hreindýrum í Lapplandi og víðar um Noreg, í samvinnu við rannsóknaraðila frá Dýralæknastofnunum í Tromsø, Harstad og Osló. Einnig hafði hann samvinnu við rannsóknaraðila frá Háskólanum og Háskólasjúkrahúsinu í Tromsø. Nær 700 heilasýni úr hreindýrum voru rannsökuð. Leitað var ummerkja um príonsjúkdóma en engin fundust. Einnig voru skoðuð vinstrarsár sem fundust í norsku hreindýrunum og ekki hafa sést í íslenskum dýrum. Vinstrum og öðrum líffærum var safnað úr um 400 dýrum. Stefnt er að birtingu niðurstaðna á næsta ári.

GREINAR

- **Jóhannesson T, Guðmundsdóttir KB, Barash J, Kristinsson J, Eiríksson T & Sigurdarson S 2005.** Manganese, copper and copper enzymes in blood of Icelandic sheep: Relevance to scrapie. *Icel.Agric.Sci.* 2005, 18, 33-42.
- **Jóhannesson T, Guðmundsdóttir KB, Eiríksson T, Kristinsson J & Sigurdarson S 2005.** Molybdenum and sulphur in forage samples from scrapie-free, scrapie-prone and scrapie-afflicted farms in Iceland. *Icel.Agric.Sci.* 2005, 18, 53-58.
- **Jóhannesson T, Guðmundsdóttir KB, Eiríksson T, Barash J, Kristinsson J & Sigurdarson S 2005c.** Selenium and GPX activity in blood samples from pregnant and non-pregnant ewes and selenium in hay on scrapie-free, scrapie-prone and scrapie-afflicted farms in Iceland. Í: *Rit LBHÍ nr.3. Essential trace elements for plants, animals and humans. NJF Seminar no.370 Reykjavík, Iceland 15-17 August 2005.* Bls.37-39.
- **Jóhannesson T, Guðmundsdóttir KB, Eiríksson T, Kristinsson J. & Sigurdarson S 2005d.** Molybdenum and sulphur in forage samples from scrapie-free, scrapie-prone and scrapie-afflicted farms in Iceland. Í: *Rit LBHÍ nr.3. Essential trace elements for plants, animals and humans. NJF Seminar no.370 Reykjavík, Iceland 15-17 August 2005.* Bls.80-82.

TILKYNNINGAR- OG SKRÁNINGARSKYLDIR DÝRASJÚKDÓMAR

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir tilkynningar- og skráningarskylda sjúkdóma í búfé sem voru greindir á Rannsóknadeild dýrasjúkdóma árið 2005. Sýni bárust frá dýralæknum og sláturhúsum

Tilkynningar- og skráningarskyldir dýrasjúkdómar

	Fjöldi bæja	Fjöldi dýra	Dýrategund
A-SJÚKDÓMAR			
<i>Riðuveiki</i>	2	8	sauðfé
B-SJÚKDÓMAR			
<i>Garnaveiki</i>	10	10	nautgr/sauðfé*
C-SJÚKDÓMAR			
<i>Bogfrymlasótt</i>	14	21	sauðfé**
<i>Clostridium-sýkingar</i>	10	10	sauðfé
<i>Listeriusýkingar</i>	14	16	sauðfé
<i>Kýlapest</i>	1	1	sauðfé
<i>Lungnapest</i>	4	5	sauðfé
<i>Tannlos</i>	6	6	sauðfé

*Einn nautgripur, hitt sauðfé

**Á einum bæ var bogfrymlasýking staðfest með mótefnaþrófi á sermi sauðfjár. Í hinum tilfellunum var sterkur grunur vegna vefjabreytinga í hildahnöppum, en ekki staðfest með mótefnagreiningu.

NAUTGRIPUR OG SAUÐFÉ

Sigurður Sigurðarson gegnir starfi nautgripa- og sauðfjársjúkdóma og Kristín Björg Guðmundsdóttir hefur verið staðgengill hans og starfað með honum í þessum málaflakki. Þau hafa aðstoðu á Tilraunastöð HÍ í meinafræði á Keldum (sjá nánar í kafla um Rannsóknadeild dýrasjúkdóma).

Riða í sauðfé

Á árinu var tekin í notkun ný greiningaraðferð fyrir riðu á Tilraunastöðinni á Keldum. Þessi aðferð byggir á ónæmisgreiningu (ELISA-próf, TeSeE Test, Bio-Rad) og er næmari greiningaraðferð og betur fallin til skimunar en vefjaskoðun sem hingað til hefur verið notuð á Íslandi.

Alls fannst riðuveiki á tveim bæjum á árinu. Fyrri tilfellið var á Gilsárstekk í Breiðdal, en þar hefur riða greinst tvisvar áður. Seinna tilfellið var í Grímstungu í Vatnsdal. Á þeim bæ hefur veikin ekki greinst áður, þrátt fyrir að hún hafi verið útbreidd í Vatnsdal.

Í byrjun ársins 2005 var öllu fé fargað á bæjunum Ytri-Húsabakka í Glaumbæjareyjum, Skagafjarðarsýslu og Runná, Berufirði, S-Múlasýslu en riða hafði greinst á báðum þessum bæjum í lok ársins 2004. Ekki þótti ástæða til að farga fé á bæjum í nálægð nefndra fjögurra riðubæja, þar sem ekki hafði verið mikill samgangur þaðan við fé á öðrum bæjum.

Á árinu náðist samkomulag um förgun fjár á nokkrum bæjum í Biskupstungum vegna samgangs við féð á bænum Austurhlíð en þar var fé fargað vegna riðu í lok ársins 2004. Öllu fé var fargað á bæjunum Rauðaskógi, Hlíðartúni og Úthlíð auk alls fullorðins fjár í Stekkholti og hluta fullorðins fjár í Miðhúsum.

Förgun sauðfjárhjarða vegna riðu árin 2002-2005

Ár	a	b	Alls
2002	2	0	2
2003	5	29	34
2004	6	26	31
2005	4	5	9

a: riðuhjarðir; b: hjarðir sem fargað var vegna nálægðar við riðuhjarðir.

Förgun fullorðinna kinda vegna riðu árin 2002-2005

Ár	a	b	Alls
2002	224	0	224
2003	1016	1860	2876
2004	1388	2118	3506
2004	846*	230*	1246*

a: kindur í riðuhjörðum; b: kindur í hjörðum sem fargað var vegna nálægðar við riðuhjarðir.

*Ekki endanlegar tölur

Alls var á árinu 2005 skoðað 3.551 heilasýni úr sauðfé vegna eftirlits með riðu, þar af 1.015 með vefjaskoðun og 2.536 með ónæmisprófi (Bio-Rad) í Noregi. Rúmlega 540 heilasýni frá árinu 2005 bíða skoðunar þegar þetta er ritað.

Skoðun heilasýna árið 2005

Heildarfjöldi heilasýna

	Skoðað	Jákv.	Grunn.	Neikv.
Alls	3.551	13	3	3.535

Heilasýni í vefjaskoðun

	Skoðað	Jákv.	Grunn.	Neikv.
a	149	5	3	141
b	0	0	0	0
c	866	0	0	866
Alls	1.015	5	3	1.007

Heilasýni í ónæmispróf (Bio-Rad)

	Skoðað	Jákv.	Grunn.	Neikv.
a	111	8	0	103
b	0	0	0	0
c	2.425	0	0	2.425
Alls	2.536	8	0	2.528

a: riðuhjarðir; b: hjarðir sem fargað var vegna nálægðar við riðuhjarðir; c: heilasýni tekin úr heilbrigðum dýrum í sláturhúsum og úr innsendum dýrum vegna reglubundins eftirlits með riðu.

Kúariða

Ísland hefur fengið þá umsögn á vettvangi Evrópusambandsins, að nær engar líkur séu á því að kúariða finnist. Þetta er byggt á varnaraðgerðum sem beitt hefur verið gegn sauðfjárríðu og eftirlits með kúariðu að ógleymdri aðhaldssamri stefnu í innflutningsmálum um mjög langt skeið. Á hverju ári þarf að taka og skoða a.m.k. um 50 heilasýni úr nautgripum til vöktunar á kúariðu.

Á árinu 2005 var 176 heilasýnum safnað úr nautgripum vegna vöktunar á kúariðu. Öll voru neikvæð. Af sýnunum voru 175 tekin úr heilbrigðum gripum í sláturhúsum, 24 mánaða eða eldri, og eitt úr kú sem sýndi óeðlilega hegðun í sláturhúsrétt, líklega vegna krampadoða eða súrdoða. Við skimun heilasýna úr nautgripum vegna riðubreytinga var notuð vefjaskoðun á mænukólfi. Rannsaka skal heilasýni úr nautgripum með óútskýrð einkenni frá miðtaugakerfi, í öðru lagi úr veikum gripum sem lóga þarf af öðrum ástæðum, og í þriðja lagi sjálfdaudum gripum og gripum sem lóga þarf vegna slysa. Eins og hér var nefnt á undan, barst aðeins eitt heilasýni til greiningar úr grunsamlegum

nautgrip. Telja má víst að slík tilfelli séu talsvert fleiri og þyrfti að ná til þeirra.

Fjöldi heilasýna úr nautgripum vegna kúariðu-vöktunar árin 2002-2005

Sýni	2002	2003	2004	2005
Heildarfjöldi sýna	41	120	94	176
Úr heilbrigðum dýrum	41	119	94	175
Úr dýrum með einkenni frá CNS*	0	1	0	1
Jákvæð sýni	0	0	0	0
Neikvæð sýni	41	120	94	176

*Ekki kúariðueinkenni

Garnaveiki í jörturdýrum

Á árinu bárust 20.400 garnasýni úr sauðfé og 231 garnasýni úr nautgripum til rannsóknar á garnaveiki. Veikin var staðfest í sauðfé á níu bæjum og í nautgrip á einum bæ. Þetta er svipaður fjöldi bæja og árið áður. Á sex bæjanna var veikin staðfest í fyrsta sinn (síðustu 10 árin). Í engu tilfelli fannst veikin á nýju svæði. Þessi fjöldi er eflaust vantallinn, m.a. vegna þess að það er dýrt fyrir eigendur að senda lélegar kindur í sláturhús. Oft eru vanþrifakindur skotnar og grafnar heima og því ekki látið vita af þeim og ekki tekin garnasýni. Sýnataka og skoðun í sláturhúsum hefur sums staðar verið ófullkomin. Á mörgum svæðum hefur eftirlit með bólusetningu ekki verið sem skyldi, bólusetning framkvæmd seint og jafnvel hafa bæir orðið útundan. Nauðsynlegt er að ráða bót á þessu.

Tekið var upp á því á árinu í sjálfböðinni samvinnu bænda og dýralækna í tengslum við lok haustslátrunar sauðfjár á 6 stöðum og á útmánuðum á einum stað, að safna saman vanþrifakindum. Þeim var lógað og þær krufðar til að kanna orsök vanþrifanna og ganga úr skugga um það, hvort garnaveiki leyndist þar eða ekki. Þetta er undirbúningur þess að leggja niður bólusetningu gegn garnaveiki á þessum svæðum. Þetta voru svæðin Dalasýsla í Dalahólfi nyrðra, Strandasýsla í Dalahólfi nyrðra, Öxarfjörður, Slétta, Þistilfjörður og Vopnafjörður, Auk þess Austurland. Alls voru skoðaðar á þennan hátt um 700 kindur. Ekki var garnaveiki staðfest í neinu tilfelli en algengasta orsök vanþrifanna

voru jaxlaskemmdir vegna tannloss. Stefnt er að því að slík skoðun á vanþrifafé verði framkvæmd næstu árin.

Ljóst virðist að garnaveiki sé hægt að útrýma, en þar sem hún er til í nautgripum er sú barátta erfiðari. Veikin getur einnig sýkt geitur og hreindýr, og öll jörturdýr geta verið einkennalausir smitberar um langan eða skamman tíma. Garnaveiki virðist hafa verið útrýmt og bólusetningu hætt undir Eyjafjöllum, á Vestfjörðum innan Ísafjarðardjúps, í Miðfjarðarhólfi, Skjálfandahólfi, Héraðshólfi og Austfjarðahólfi. Á þessu hausti var hætt bólusetningu ásetningslamba gegn garnaveiki á N-Austurlandi frá Sléttu að Jöklu. Líkur eru til þess að næsta haust megi hætta bólusetningu á svæðinu frá Reyðarfirði að Hamarsá ef vilji bænda stendur til þess og engar líkur reynast á að garnaveiki leynist á svæðinu. Innan fárra ára gæti á sömu forsendum verið unnt að hætta bólusetningu á Snæfellsnesi og í Norður-Dalahólfi.

Lungnapest í sauðfé

Lungnapest greindist í sauðfé á 4 bæjum á árinu. Sýkillinn *Pasteurella multocida* ræktaðist úr lungum fjár á öllum bæjunum. Veikin er þó þekkt mun víðar og virðist geta magnast þar sem kregða er samtímis á ferð. Á þessu ári var ekki greind *Mannheimia haemolytica* í innsendum sýnum. Bólusetning gegn lungnapest virðist gefa góða vörn gegn báðum afbrigðunum, og einnig gegn kregðu. Á Vestfjörðum hefur lungnapest aldrei greinst og aldrei í Skaftafellssýslum vestan Hornafjarðarfjótta. Veikin berst fyrst og fremst með sauðfé, og eru dæmi þess að hún hafi blossað upp á nýju svæði í kjölfar ólögglegra fjárflutninga. Kindur sem smitast hafa geta dreift smiti í a.m.k 6 mánuði.

Fjárkláði og fellilús

Ekkert hefur borið á fjárkláða eftir að skipulegum aðgerðum gegn honum lauk á síðustu kláðasvæðunum á Vestfjörðum (2001) og á Norðurlandi (2003). Fótakláði er þekktur í flestum varnarhólum landsins, þótt hann hafi ekki greinst í innsendum sýnum. Fellilúsar hefur heldur ekki orðið vart síðan aðgerðum gegn henni lauk á sunnanverðu Austurlandi 2001.

Illkynjuð slímhúðarbólga í nautgripum

Illkynjuð slímhúðarbólga (malignant catarrhal fever) er þekktur sjúkdómur hér á landi og er talinn fylgja nánu

samneyti sauðfjár og nautgripa, sauðfé hýsi veiruna en sýkist ekki af henni, en nautgripir smitist. Sjúkdómnum veldur herpesveira (OvHv-2). Batahorfur eru litlar fyrir nautgripi sem taka hann. Sjúkdómurinn er ekki bráðsmitandi og dauðsföll eru tíðast eitt eða fá. Þess eru þó dæmi að 4 nautgripir hafi veikst og drepist á skömmum tíma á sama bænum. Engin tilfelli bárust til greiningar að Keldum á árinu.

Dauðfæddir kálfar

Talsvert ber á því og jafnvel meira en víða erlendis að fullburða kálfar fæðist dauðir án þess að orsök þess finnist með vissu. Mest ber á þessu hjá fyrsta kálfs kvígum. Gerð var tillaga um rannsóknarverkefni fyrir doktorsnema en því var hafnað. Óvíst er um fjármögnun þótt allir séu sammála um að verkefnið sé brýnt.

Sníkjudýr í og á nautgripum

Ormaveiki í nautgripum, ekki síst ungvíði, er vel þekkt og á sök á vanþrifum og skituköstum, t.d. vinstrarormar (*Ostertagia spp.*). Ennfremur er nokkuð um hnísla í meltingarfærum unguneyta. Að þessu þarf að huga nánar því að tjón af völdum þessara sníkjudýra virðist mikið.

Staðsetning og skráning miltisbruna- og riðugrafa

Á árinu fékkst Sigurður Sigurðarson við söfnun upplýsinga, skráningu, staðsetningu og merkingu á stöðum, þar sem grafin hafa verið hræ skepna sem drepist hafa úr miltisbrandi. Þeir staðir eru á annað hundrað í flestum sýslum landsins frá 140 ára tímabili, 1865-2004. Einnig skráði hann og staðsetti staði þar sem grafnar hafa verið hjarðir kinda, sem fargað hefur verið vegna riðuveiki. Því starfi er ekki lokið en mun væntanlega ljúka sumarið 2006.

FISKELDI

Gísli Jónsson gegnir starfi dýralæknis fisksjúkdóma með aðsetur á Tilraunastöð H.Í. í meinafræði á Keldum.

Árið 2005 var fiskeldisgreininni fremur þungt í skauti. Þrátt fyrir hagstæða markaði og 20% verðhækkunar afurða nutu íslenskir eldismenn þess ekki sökum afar óhagstæðs gengis gjaldmiðla annað árið í röð. Að auki má nefna auknar álögur við raforkukaup

strandeldisstöðva samfara breytingum á raforkulögum. Tíðarfar var gott og hitaskilyrði til eldis í sjókvíum hagstætt. Eilítil aukning varð í framleiðslu á laxi til slátrunar á milli ára en talsverð aukning varð í slátrun á sandhverfu (≈80%) og þorski (≈100%). Framleiðsla annarra tegunda stóð annað hvort í stað eða dróst heldur saman.

ALMENNT UM HEILBRIGÐISÁSTAND

Heilbrigði eldisfiska og annarra eldislagardýra var almennt með ágætum árið 2005, ef frá er talin nýrnaveiki sem barist var við á nokkrum vígstöðvum allt árið. Að auki gætti misræmis í rannsóknaniðurstöðum frá rannsóknastofum, innanlands og erlendis, sem gerði fisksjúkdómayfirvöldum erfitt fyrir við útrýmingu smits.

ÚTFLUTNINGUR SEIÐA OG ERFÐAEFNIS FISKA

Í skjóli afburðar sjúkdómastöðu varð framhald á útflutningi laxfiskahrogna, lúðuseiða og sæeyrna. Þá urðu straumhvörf þegar útflutningur lifandi laxaseiða hófst að nýju en slíkur útflutningur átti sér síðast stað árið 1987. Aukning varð í útflutningi bleikjuhrogna en talsverður samdráttur í útflutningi laxahrogna, ekki síst vegna óvissu í greiningu sýna m.t.t. nýrnaveiki eins og getið er hér að framan. Árið 2005 voru fluttir út um 300 lítrar af hrognum til Írlands, Skotlands, Kanada, N-Írlands og Austurríkis. Alls voru flutt út um 875 þúsund laxaseiði til áframeldis í Færeyjum, auk talsverðs fjölda lúðuseiða og sæeyrna. Með hverri sendingu er krafist heilbrigðisvottorða í takt við skilyrði í hverju landi, samræmingar gætir þó innan EES- svæðisins.

INNFLUTNINGUR SKRAUTFISKA O.FL.

Skv. reglugerð nr. 935/2004 skulu innflutt gæludýr sæta einangrun í 4 vikur í fyrirfram samþykktri sóttkví. Árið 2005 komu alls 62 skrautfiska-sendingar til landsins á vegum átta fyrirtækja og fimm einstaklinga. Dýralæknir fisksjúkdóma hefur haft góða samvinnu við þessa aðila og fylgst með heilsufari á meðan einangrun stendur. Þess má líka geta að síðan 1971 er skylda að sóttreinsa innflutt og notuð áhöld til stangveiða og hefur dýralæknir fisksjúkdóma haft umsjón með framkvæmd þeirra mála. Alls var sóttreinsaður veiðibúnaður 47 innflutningsaðila hjá tollayfirvöldum árið 2005.

ELDI SJÁVARTEGUNDA

Lúðueldi gekk með ágætum á árinu og voru framleidd um 455 þús. lúðuseiði á Hjalteyri. Framhald varð á útflutningi lúðuseiða sem hófst árið 1999. Alls fóru 215 þús. seiði til Noregs og 52 þús. seiði til Kína. Þá voru einnig flutt út rúm 31 þús. stórseiði frá áframeldisstöð fyrirtækisins í Þorlákshöfn til Færeyja og tæp 13 þús. stórlúður (4-11 kg) til Noregs.

Sandhverfa þykir álitleg eldistegund við íslenskar aðstæður og er áframeldi stundað hjá Silfurstjörnnunni í Öxarfirði. Klakfiskur er alinn hjá Hafró við Grindavík og tókst vel til með seiðaeldi á liðnu ári. Afrakstur varð alls um 200 þús. seiði sem er tvöföldun í framleiðslu miðað við árið á undan.

Þorskseiðaeldi gekk vel á liðnu ári á vegum Hafró við Grindavík. Árið 2005 voru klakin og alin um 200 þús. seiði, sem nægir til að svara eftirspurn markaðarins. Veiði villtra seiða til áframeldis var talsverð 2005, en þá voru veidd yfir ein milljón smáseiða í Ísafjarðardjúpi. Áframeldi á þorski í kvíum var stundað á um 14 stöðum í kringum landið á liðnu ári með ágætum árangri.

Hlýri hefur verið alinn í tilraunaskyni á Neskaupsstað síðan 2001. Klakstofn af villtum uppruna telur nú um 200 fiska og hafa tilraunir staðið yfir með frjóvgun og klak með misjöfnum árangri. Óvíst er um framhald þessara tilrauna en þær hafa kastað ljósi á ýmis vandamál sem þarf að leysa áður en kemur að alvöru eldi.

Sæeyrnaeldi mætti andstreymi á liðnu ári. Sæbýli í Vogum sem stundað hefur eldi í yfir áratug varð gjaldþrota og nú er það aðeins *Haliotis* á Hauganesi við Eyjafjörð sem elur sæeyru og hefur gert síðan vorið 2002. Útflutningur á lifandi ungdýrum, sem hófst í lok árs 2003, hélt áfram á árinu. Samtals voru flutt út um 403.000 ungdýr til Prins Edwards eyju í Kanada.

Kræklingarækt hefur hægt og sígandi þróast síðan núverandi uppbygging hófst 1997 og nú stunda 4 fyrirtæki tilraunarækt með Norðurskel í Eyjafirði í fararbroddi. Yfir 50 km af söfnunarlínu fyrir lurfur eru nú í sjó og ef allt gengur eftir má reikna með yfir 200 tonna framleiðslu árið 2007. Ef tekst að aðlaga

ræktunartæknina að íslenskum aðstæðum gæti kræklingarækt orðið hliðarbúgrein sjávarbænda en mörg ljón eru þó á veginum, s.s. afrán æðarfugls, óblítt veðurfar, lagnaðaris, ofsettar söfnunarlínur og þörungaeitrun.

HELSTU SJÚKDÓMAR Í FISKELDI ÁRIÐ 2005

Hitraveiki (*Vibrio salmonicida*) er haldið niðri með öflugum bóluefnum og greindist hvergi sem nýsmit á liðnu ári.

Kýlaveikibróðir (*Aeromonas salmonicida* undirteg. *achromogenes*) var að mestu til friðs á árinu. Nýsmit var staðfest í þremur tilfellum; eitt tilfelli í þorskseiðum í sjókvíum, eitt í þorskseiðum í strandeldi og eitt í sandhverfuseiðum í strandeldi. Ávallt var um óbólusettan fisk að ræða. Enn hefur ekki tekist að þróa fullgott bóluefni gegn sjúkdómnum í þorski en þörfin er aðkallandi. Bakterían greinist ár hvert úr stöku villtum fiski í laxveiðiám allt í kringum landið.

Nýrnaveiki (*Renibacterium salmoninarum*) kom upp sem nýsmit í 3 eldisstöðvum snemma árs 2005. Smitkveikjan átti sameiginlegar rætur sem rekja má eftir flóknum leiðum til villtra laxaseiða frá árinu 2003. Þessi sömu seiði áttu einnig sök á smiti þriggja eldisstöðva árið 2004 en þær teljast lausar við smit í dag og hefur dreifingarbanni verið aflétt. Þá fannst dulið smit í 7 laxahrygnum, allar úr E-Rangá og einni bleikjuhrygnu úr Hvítá í Borgarfirði og var hrognum undan þeim umsvifalaust fargað. Nýrnaveiki er grafalvarleg og afar erfið viðfangs og hefur leitt til ófárra rekstrarþrota á liðnum áratugum.

Rauðmunnaveiki (*Yersinia ruckeri*) kom upp sem nýsmit í þremur tilfellum árið 2005; eitt tilfelli í bleikjuseiðum og tvö tilfelli í þorskseiðum í strandeldi. Í öllum tilfellum var um óbólusettan fisk að ræða. Að auki greindist sjúkdómurinn í einstaka fiski í þremur eldisstöðvum þar sem smit hafði komið upp áður (bólusettur fiskur). Þá barst dulið smit með bólusettem íslenskum laxaseiðum til Færeyja vorið 2005 og var það í fyrsta sinn sem sjúkdómurinn er staðfestur þar í landi.

Vetrarsár (*Moritella viscosa*) voru hvergi greind sem nýsmit árið 2005. Bakterían er þó viðloðandi einstaka

eldisstöð og á síðasta ári var hún ræktuð úr fiski í tveimur slíkum stöðvum án þess þó að vera til vandræða enda fiskurinn vel bólusettur.

Vibrúveiki (*Listonella (Vibrio) anguillarum*) kom upp sem nýsmit í fjórum tilfellum árið 2005. Í einu þeirra var um áframeldi á þorski í sjókvíum að ræða og tvö tilfelli voru í ungum þorskseiðum, annars vegar í villtum nýlega veiddum seiðum úr Ísafjarðardjúpi og hins vegar í seiðum af eldisuppruna. Fjórða tilfellið kom upp í sandhverfuseiðum í strandeldi.

Þekjublaðra (*Chlamydia* sp.), eða epitheliocystis, leggst á tálkn fiska og leiðir ósjaldan til affalla. Smits varð vart í stórlúðu í einu tilfelli vorið 2005.

Hnyð (sveppurinn *Ichthyophonus hoferi*) greindist í líffærum þorskseiða í sjókvíum á liðnu sumri, samfara kýlaveikibróðursmiti og nokkrum afföllum í kjölfarið.

Sníkjudýrin *costia (Ichthyobodo necator)* og *Trichodina* sp. er algengt vandamál í fiskeldi, á öllum stigum og árstíðum. Alls voru skráð níu alvarleg costíutilfelli á liðnu ári, fjögur í laxaseiðum, þrjú í bleikju, eitt í þorskseiðum og eitt í sandhverfuseiðum. *Trichodina* olli tjóni í þremur skráðum tilfellum, tvö í bleikju og eitt í sandhverfu.

Laxa- og fiskilús hefur verið undir reglubundnu eftirliti í sjókvíaeldi. Niðurstöður rannsókna liðinna ára hefur leitt í ljós að fiskilús (*Caligus* sp.) er nánast einráðandi. Fiskilús er minni en laxalús og veldur ekki sárum á kvíafiski en getur þó verið hvítleið og valdið óþarfa áreiti.

Umhverfistengd afföll voru lítt áberandi árið 2005. **Marglyttur**, með brennihveljuna *Cyanea capillata* í fararbroddi, voru færri að tölu í austfirskum fjörðum en árin á undan. Varnargirðingar byggðar á háþrýstlofti reyndust vel og komu nánast alveg í veg fyrir tjón. **Svifþörungur** voru nokkuð yfir meðallagi að vori og aftur um mitt sumar sem orsakaði átleysi og eilítill afföll í sjókvíum norðan- og austanlands.

Engar **veirur** greindust í þeim 725 sýnum sem bárust Rannsóknadeild fisksjúkdóma á Keldum árið 2005 (hluti sýna var áframsendur til greiningar í Noregi og Danmörku). Þá hafa engar sérstakar grunsemdir

vaknað eða einkenni sést í eldisdýrum sem minnt gæti á veirusýkingu.

Áhersla er lögð á að lágmarka notkun sýklalyfja í íslensku fiskeldi og er notkun þeirra á stöðugri niðurleið. Árið 1999 hófst skipulegt og árlegt eftirlit með lyfjaleifum í sláturfiski skv. tilskipun ESB og hafa öll sýni reynst hrein frá þeim tíma.

DÝRAVERND

Eitt dýraverndarmál kom til kasta dýralæknis fisksjúkdóma á árinu. Líkt og áður var um vanfóðrun og slæma umhirðu að ræða í kjölfar gjaldþrots.

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA (ESA)

Fulltrúar ESA komu í fjögurra daga heimsókn og tóku út eftirlit dýralæknis fisksjúkdóma með fiskeldi í september 2005. Í heildina kom úttektin vel út eins og fram kemur í skýrslu úttektaraðila sem birt er á vef ESA.

RÁÐSTEFNUR, NEFNDASTÖRF OG

FRÆDSLUSTARFEMI

Dýralæknir fisksjúkdóma hélt fyrirlestra um fisksjúkdóma og skyld málefni m.a. fyrir nemendur Hólaskóla, nemendur Sjávarútvegsháskóla Sameinuðu þjóðanna og á aðalfundi Landssambands fiskeldisstöðva. Tveir vinnufundir voru sóttir til Brussel þar sem unnið var að endurskoðun laga um fisksjúkdóma innan EES-svæðisins og samræmingu alls eftirlits á heimsvísu. Fjöldmenn ráðstefna um þorskeldi var sótt á Hótel Nordica og þljóðaráðstefna Evrópusamtaka fiskameinafræðinga sem haldin var í Kaupmannahöfn þar sem undirritaður var meðhöfundur að veggspjaldi um æxlismyndanir í þorski. Þá var dýralæknir fisksjúkdóma meðhöfundur á bókarkafu fisksjúkdóma í eldisþroski sem gefið var út á vegum Hafró í byrjun árs og að fyrirlestri um greiningu nýrnaveiki sem fluttur var í Bandaríkjunum í lok árs.

Dýralæknir fisksjúkdóma sinnti ýmsum opinberum nefndastörfum á liðnu ári. Má þar nefna ritara- og ráðgjafastarf hjá fisksjúkdómanefnd þar sem fimm formlegir fundir voru haldnir á liðnu ári. Þá hefur dýralæknir fisksjúkdóma frá upphafi gegnt formennsku dýralæknaráðs sem skipað var af landbúnaðarráðherra skv. lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Á liðnu ári fjallaði ráðið m.a.

um innflutning á lifandi hreindýrum frá Grænlandi en auk þess var formanni falið að útkljá erindi um innflutning á afrískum risasniglum frá Englandi, innflutning á krókóðílaeggjum frá Flórída til klaks og áframeldis, innflutning á uppstoppuðum fiskum frá Jamaíka, innflutning á fiskimjöli frá Grikklandi og Perú, innflutning á fódri fyrir ferskvatnsrækju frá Grikklandi, innflutning á tilraunabóluefnum og um innflutning á fiskaveirum frá Danmörku til gæðastöðlunar við greininga- og rannsóknavinu á Keldum.

HROSS

Sigríður Björnsdóttir gegnir starfi dýralæknis hrossasjúkdóma og hefur hún aðsetur í Hjaltadal.

SMITSJÚKDÓMAR

Lítið var um tilkynningar um smitsjúkdóma í hrossum, eða grun þar um á árinu. Tímabundið farbann var þó sett síðsumars á hross á einum bæ í Svarfaðardal þar sem nokkur hross voru með bólgna eitla og hita. Greining á stroksýnum úr nösnum leiddi í ljós að um var að ræða sýkingu af völdum Herpesveiru, týpu 2/4, sem vitað er að er landlæg hér á landi. Einkennum sem þessum hefur þó ekki áður verið lýst í fullorðnum hrossum. Óformlegar fregnir bárust af því að vart hafði orðið við svipuð einkenni í hrossum annarsstaðar á landinu fyrr um sumarið, en hafði ekki verið tilkynnt eða skoðað nánar. Nokkuð var um að dýralæknar og hestaeigendur teldu að hitasótt væri að stinga sér niður á stöku stað. Yfirleitt var þetta ekki rannsakað frekar. Á einum stað er þó vitað til að sýni hafi verið tekin til rannsókna án þess að sjúkdómsorsökin yrði greind, en sýningar af völdum salmonellu og listeriu voru útilokaðar. Ekki eru þekktar aðferðir til að prófa fyrir hitasótt sérstaklega. Því er ekki hægt að útiloka að veikin sé að stinga sér niður á stöku stað, og þá sérstaklega meðal hrossa sem ekki voru fædd þegar veikin gekk yfir 1998–1999. Því má vera að veiran sem veldur hitasóttinni sé landlæg hér núna án þess að hún leiði til faraldurs, enda meirihluti hrossastofnsins væntanlega ónæmur.

Hestainflúensa í hundum í Bandaríkjunum

Í september bárust fregnir af því frá Bandaríkjunum að hestainflúensa hefði verið staðfest í hundum í nokkrum fylkjum þar í landi. Þar sem innflutningur lifandi hunda er heimilaður frá þessum svæðum var skoðað hvort möguleiki væri á að hestainflúensa gæti borist í íslenska hrossastofninn með innfluttum hundum. Ekki hefur verið sýnt fram á að inflúensan berist til baka úr hundum í hesta, enda flestir hestar bólusettir gegn sjúkdómnum í Bandaríkjunum. Þessi möguleiki hefur hins vegar ekki verið útilokaður og miðað við hversu lítið veiran er talin vera breytt, er það ekki ólíklegt. Nokkuð er um að hundar gangi í gegnum þessa sýkingu án þess að veikjast að nokkru marki og því verður að ætla að slíkir hundar geti komið hingað til lands. Því var ákveðið að fara fram á endurskipulagningu á sóttkvinni sem hundarnir fara í við komuna til landsins auk þess sem farið er fram á sérstaka sýnatöku úr hundunum. Upplýsingar um hestainflúensu í hundum og varnaraðgerðir voru birtar á hestatengdum netmiðlum, í bændablaðinu og á heimasíðu yfirdýralæknis.

AÐRIR SJÚKDÓMAR

Unnið var í undirbúningi að rafrænni skráningu hrossasjúkdóma í samræmi við reglugerð um merkingar hrossa (463/2003). Í því skyni hefur verið útbúinn listi yfir sjúkdóma og er nú unnið að forritun. Skráningin er nauðsynlegur þáttur í hvers kyns fyrirbyggjandi aðgerðum.

Tillögur dýralæknis hrossasjúkdóma að aðgerðum til að lækka tíðni á spatti í íslenskum hrossum komu til framkvæmda á árinu en þá voru settar reglur um að allir stóðhestar á aldrinum 5–6 vetra sem kæmu til dóms skyldu vera röntgenmyndaðir m.t.t. sjúkdómsins. Dýralæknir hrossasjúkdóma tók að sér samræmdan aflestur myndanna og skráningu niðurstöðu greiningarinnar í World-Feng. Alls bárust myndir af 130 hestum til aflestrar en vitað er um 10 hesta til viðbótar sem voru myndaðir í þessu skyni en hætt var við sýningu á þeim eftir að í ljós kom að þeir voru með spatt. Ef hætt er við sýningu hvílir ekki kvöð á um að niðurstaðan sé gerð opinber. Þrjár hestar voru skræðir með sjúkdómnum í WF. Tíðnin í þessum hópi virðist því vera um 10 %. Það er bagalegt að upplýsingar um hesta með spatt, sem ekki eru sýndir, skuli ekki koma í gagnabankann. Af þeim sökum ákvað yfirdýralæknir að

allar spattmyndatökur skyldu skráningarskyldar og dýralæknum bæri að skila þeim gögnum inn í árslok. Þessar upplýsingar verða þó ekki gerðar opinberar en nýttar til tölfræðilegrar úrvinnslu. Á vettvangi alþjóðasamtaka íslenska hestsins, FEIF, var ákveðið að sömu reglur giltu varðandi spatt og voru þær inlimaðar í ræktunarreglur félagsins, FIZO.

DÝRAVERND

Dýralæknir hrossasjúkdóma aðstoðaði við eitt umfangsmikið dýravendarmál á árinu auk þess að sinna almennum leiðbeiningum.

Dýralæknir hrossasjúkdóma heimsótti Heimsmeistararnót íslenska hestsins sem haldið var í Svíþjóð í þeim tilgangi að fylgjast með eftirliti með dýravernd á mótinu. Mjög skýrar reglur eru um eftirlit með dýravend á mótum í Svíþjóð og er knöpum skylt að mæta með alla hesta til skoðunar að morgni hvers dags áður en keppni eða sýning hefst. Skoðun dýralæknis mótsins leiddi í ljós að mjög algengt var að hrossin væru með sár í munni. Fylgst var daglega með sárunum og knapar varaðir við því að þeir yrðu dæmdir frá keppni ef áverkar ykjast. Einnig voru gefnar leiðbeiningar um breytingar á beislisbúnaði. Aðgerðir þessar leiddu í mörgum tilfellum til þess að sárin gréru að verulegu leyti. Þessi niðurstaða bendir til þess að algengt sé að notaður sé óheppilegur beislisbúnaður og/eða taumtak, jafnvel meðal okkar fremstu reiðmanna. Mikið verk er óunnið í að greina orsakir þessara sára og almennt séð að bæta skilning manna á munni hestsins.

Reglugerð um aðbúnað hrossa var endurskoðuð á árinu og lauk þeirri vinnu að mestu fyrir áramót. Dýralæknir hrossasjúkdóma átti sæti í nefnd sem endurskoðaði reglugerðina.

RANNSÓKNIR, VERKEFNI OG GREINAR

Sumarexem

Rannsóknir á sumarexemi héldu áfram á árinu. Dýralæknir hrossasjúkdóma situr í verkefnisstjórn rannsóknaráttaks sem miðar að því að þróa ónæmismæðhöndlun gegn sumarexemi og er samstarfsverkefni Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum og Háskólans í Bern í Sviss. Verkefnið hefur gengið mjög vel að undanfögnu og hillir nú undir að

helstu markmið þess náist. Verkefnið hefur auk þess stækkað frá upprunalegum áætlunum með nýjun rannsóknarspurningum sem nauðsynlegt hefur reynst að svara áður en lengra er haldið. Allt kapp verður lagt á að tryggja áframhaldandi fjármögnun verkefnisins þó komið sé út fyrir þann tímaramma sem áætlaður var í upphafi.

Þá er lokið fyrsta hluta erfðagreiningar á íslenskum hrossum sem hafa verið sjúkdómsgreind m.t.t. sumarexems. Sýnt hefur verið fram á breytileika í dreifingu erfðamarka sem gætu tengst sjúkdómnum og munu rannsóknirnar halda áfram í Bretlandi. Þetta verkefni var samstarfsverkefni dýralæknis hrossasjúkdóma og erfðafræðideildar Animal Health Trust í Newmarket í Bretlandi og er unnið í samvinnu við framangreint verkefni um þróun bóluvefnis.

Minjar um uppruna hestsins

Verkefninu "Minjar um uppruna íslenska hestsins" lauk á árinu með lokaskýrslu til Rannís. Þar með er búið að skrá öll hestabein sem varðveist hafa úr íslenskum kumlum, mynda þau og mæla eftir því sem hægt var. Þau takmörkuðu gögn sem liggja fyrir benda ekki til þess að breytileiki í sköpulagi hrossa á landnámsöld hafi verið mikill og gefa ekki vísbendingar um að ólík hrossakyn hafi í upphafi verið flutt til landsins. Nokkuð var um greinanlega beinasjúkdóma og hefur þeim verið lýst áður. Í framhaldinu var unnið að því að koma á víðtækara rannsóknarverkefni um uppruna íslenska hestsins á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu.

Nemendaverkefni

Dýralæknir hrossasjúkdóma er leiðbeinandi í nokkrum nemendaverkefnum,

- Tíðni sumarexems í íslenskum hrossum fæddum í Þýskalandi (mastersverkefni Lene Johanne Reiher við Háskólann í Kiel í Þýskalandi).
- Rannsókn á ófrjósemi hjá hryssum, "Áhrif legbólgu og bandvefsnýmyndunar í legi á ófrjósemi hjá hryssum" hófst á árinu. Verkefnið er unnið í samvinnu við Dýralæknadeild Edinborgarháskóla (doktorsverkefni Charlottu Oddsdóttur) og er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu orsakir ófrjósemi hjá íslenskum hryssum.

- Rannsókn á lokun vaxtalína hjá íslenska hestinum (Lokaverkefni Linn Camilla Braathen og Mia Hellsten við Dýralæknaháskóla Noregs) fór fram á árunum 2004 – 2005. Vísindagrein er í vinnslu.

Fræðslufundir og greinar

- Dýralæknir hrossasjúkdóma fóru í fundaðerð um landið með formanni Félags hrossabænda og landsráðunauti í hrossarækt. Þarna gafst tækifæri til að kynna fyrir hrossaræktendum helstu verkefni á vegum dýralæknis hrossasjúkdóma og hlusta á þeirra sjónarmið og óskir. Aðgerðir gegn spatti í íslenska hrossastofninum voru kynntar sérstaklega fyrir hrossaræktendum og var þeim undantekningalaust vel tekið. Hrossaræktarsamband Skagfjarðar boðaði til sérstaks fundar þar á eftir til að hvetja til áframhaldandi rannsókna á spatti.
- Dýralæknir hrossasjúkdóma kynnti starfsemi sína á sl. ári á aðalfundi Félags hrossabænda 11. nóvember og hélt fyrirlestur um frjósemi íslenska hrossastofnsins á ráðstefnu Fagráðs í hrossarækt 12. nóvember 2005.
- Dýralæknir hrossasjúkdóma kynnti starfsemi sína á landbúnaðarsýningu á Sauðárkróki 21. ágúst.
- Dýralækni hrossasjúkdóma var boðið á ráðstefnu alþjóðasamtaka íslenska hestsins, FEIF, í Kaupmannahöfn og hélt þar fyrirlestur um spatt í íslenskum hrossum. Fyrirlestur um sama efni var fluttur á vísindaráðstefnu Evrópusamtaka um búfjárrækt, sem haldin var í Svíþjóð.
- Dýralækni hrossasjúkdóma var boðið að halda fyrirlestra um spatt og sumarexem á ræktunarráðstefnu Norska Íslandshestsfélagsins.
- Dýralækni hrossasjúkdóma var boðið að halda fyrirlestur um spatt á Heimsmeistaramóti íslenska hestsins í sumar.

Eftirfarandi greinar og erindi voru birt á árinu

- **Sigríður Björnsdóttir.** Alþjóðleg ráðstefna um sjúkdóma í íslenska hestinum. Freyr 100 (11-12) (2004), bls. 50-53.
- **Sigríður Björnsdóttir.** Bone spavin in Icelandic horses. FEIF conference in Copenhagen, February 11th – 13th 2005.

- **Sigríður Björnsdóttir.** Sumarexem í íslenskum hrossum – Erfðir og umhverfi. Fræðingur landbúnaðarins 2005. Ráðstefnuhefti 1 – Erindi, bls. 83 – 86.
- **Sigríður Björnsdóttir.** Bone spavin in Icelandic horses. The 56th Annual Meeting of the European Association for Animal Production. Book of abstracts No. 11 (2005), pp. 335. Uppsala, Sweden 5-8 June 2005.
- **Björnsdóttir S,** Sigvaldadóttir J., Broström H., Langvad B. and Sigurðsson A. Summer eczema in exported Icelandic horses: influence of environmental and genetic factors. Submitted to Acta Veterinaria Scandinavica 2005.

Erlend samskipti

Erlend samskipti eru helst í tengslum við rannsóknaverkefni eins og að framan er getið. DH svarar auk þess fjölda fyrirspurna erlendis frá um líffræði íslenska hestsins, umhirðu hans og sjúkdóma. Dýralæknir hrossasjúkdóma hefur frá 2004 farið fyrir dýralæknanefnd FEIF sem er undirnefnd kynbótanefndarinnar. Markmið nefndarinnar er að samræma heilbrigðissskoðanir á kynbótahrossum á milli landa og stuðla að nýtingu upplýsinga frá þeim skoðunum. Sérstaklega er hugað að aðgerðum gegn spatti, sumarexemi og ófrjósemi hjá íslenska hestinum.

LODDÝR

Starf dýralæknis loðdýrasjúkdóma er hlutastarf og á árinu 2005 gegndi því Hörður Sigurðsson.

Starfandi loðdýrabú eru nú 30 talsins og eru minkabú líkt og áður stærsti hluti þeirra. 24 minkabú eru nú starfandi og 4 refabú og 1 blandað bú með minkum og refum. Eitt holda- og loðkanínubú er á landinu. Ársverk í loðdýrarækt eru 80-100 talsins, allfest á landsbyggðinni. Paraðar minkalæður árið 2005 voru 33.487 og skráður fjöldi minkahvolpa á júlí var 165.013. Paraðar refalæður voru um 1000 og hvolpafjöldinn tæplega 5000.

Verð hefur verið mjög gott fyrir minkaskinn, en hátt gengi dollara hefur sett strik í reikninginn hjá mörgum, líkt og hjá öðrum útflutningsgreinum.

SJÚKDÓMAR

Í byrjun ársins 2005 kom upp smitandi lungnafár (B-sjúkdómur) í minki á einum bæ, en með samstilltum aðgerðum eiganda og dýralækna á staðnum tókst að lágmarka skaðann og uppræta sjúkdóminn áður en mikill skaði hlaut af.

Öllum bændum er skylt að senda árlega inn blóðsýni úr 10-15% lífdýrastofnsins og láta prófa m.t.t. veirusjúkdómsins plasmacytosis og síðla árs 2005 kom upp grunur um þennan smitsjúkdóm á tveimur búum í Skagafirði. Teknar voru fleiri blóðprufur og þær sendar út til nánari greiningar. Niðurstöður Tilraunstöðvarinnar á Keldum voru staðfestar í öllum atriðum og sjúkdómurinn því staðfestur. Um er að ræða A-sjúkdóm og fyrirskipaði landbúnaðarráðuneytið niðurskurð á báðum bæjum. Um er að ræða fyrstu tilvik af plasmacytosis síðan 1996 og því ljóst að menn verða áfram að vera á varðbergi. Mikilvægt er að öll hús séu dýrheld og ekkert sé tekið inn í hús sem hugsanlega gæti borið með sér smit. Ástæða er til að minna á enn og aftur að stór hluti villminkastofnsins er sýktur af plasmacytosis, sérstaklega á norðan- og austanverðu landinu.

Ekki komu upp aðrir tilkynningar- eða skáningskyldir sjúkdómar árið 2005. Ekki var tilkynnt um neina sjúkdóma í kanínum hér á landi á síðasta ári. Engin hræ af refum eða kanínum voru send til krufningar á Tilraunastöðinni á Keldum á árinu.

INNFLUTNINGUR

Gránumóar ehf. fluttu inn 288 minkahögna frá Danmörku á síðasta ári en 26 drápust á leiðinni vegna slysfara. Minkarnir voru fluttir í einangrun að Teigi í Vopnafirði og var sóttkví aflétt án athugasemda. Dalsbúið ehf. flutti inn 150 minkahögna frá Finnlandi og fóru þeir allir í sóttkví á Dalsbúinu.

FRÆÐSLA

Haldinn var fræðslufundur síðla árs 2005 með loðdýrabændum í Skagafirði í kjölfar þess að upp kom

veirusjúkdómurinn plasmacytosis á tveimur búum í Skagafirði.

ERLEND SAMSKIPTI

Embætti yfirdýralækis hafði veg og vanda af skipulagningu ráðstefnu fyrir loðdýralækna frá Norðurlöndum og Hollandi og stóð hún í þrjá daga. Ráðstefnan tókst í alla staði vel og næsta ráðstefna verður haldin í Hollandi árið 2006.

SVÍN

Konráð Konráðsson gegnir starfi dýralækis svína-sjúkdóma ásamt því að vera ráðunautur í svínarækt og hefur hann starfsaðstöðu í Bændahöllinni í Reykjavík.

SVÍNABÚIN

Samkvæmt vorkoðun 2005 var fjöldi gyltna á landinu 3.646 á 17 gyltubúum. Meðalstærð búanna er samkvæmt þessu um 214 gyltur. Svín eru á tveimur öðrum stöðum á landinu, þ.e. í Einangrunarstöð S.F.Í. í Hrísey og í Húsdýragarðinum í Reykjavík. Fjöldi gyltna og grísa á þessum tveimur stöðum er ekki talinn með í framangreindum töflum. Gyltufjöldi í Hrísey er mjög misjafn eftir aðstæðum en í Húsdýragarðinum eru oftast 1 - 2 gyltur, einn göltur og nokkrir grísir.

SJÚKDÓMAR OG EFTIRLIT

Ekki varð vart nýrra sjúkdóma í svínum á árinu. Áfram eru notuð nokkur bóluæfni við sjúkdómunum snúðrýni, kregðu, illkynja lungnabólgu, rauðsýki, *E. coli* spenagrisaskitu og parvo (smitandi fósturdaða).

Sortuexem var og er enn nokkuð viðloðandi á einu búi. Þetta er fremur óalgengt hér á landi. Ákveðið var að reyna einangrun bakteríunnar (Eggert Gunnarsson, Keldum) sem veldur sjúkdómnum í þeim tilgangi að útbúa bóluæfni við sýkingunni.


Á einu búi varð vart við lómun fyrsta gots gyltna eftir fráfarur. Þetta var mjög athyglisvert en við krufningu á tveimur gyltum (Einar Jörundsson, Keldum) kom í ljós beinbrot á báðum framfótum gyltnanna. Einnig mátti sjá breytingar í vöðvum sem minna á Selen/E-vítamín skort. Helsta skýring þessara tilfella er ónákvæm

blöndun vítamín- og steinefna í fóðurtank svínabúsins en í ljós kom að fóðurtölva hafði skammtað of lítið um talsvert skeið.

Á einu búi komu fram einkenni í fráfarugrísnum sem gátu minnt á PMWS. Við athugun kom í ljós að um þennan sjúkdóm var ekki að ræða, þrátt fyrir aukin afföll og vanþrif fráfarugrísanna. Um lungnabólgu (*Act. Pleuropneumoniae*) var að ræða vegna lakra umhverfisþátta.

Ekkert nýtt bú greindist smitað af salmonellu (skv. skilgreiningu yfirdýralæknis) á árinu. Samtals eru því fimm bú smituð af salmonellu í lok árs 2005.

Svínabú smituð af salmonellu á árunum 2000-2005



Samkvæmt skilgreiningu yfirdýralæknis telst svínabú smitað af salmonellu þegar bakterían greinist í saursýnum frá búinu.

Staða mála m.t.t. salmonellu á búum og í sláturhúsum var mjög góð á árinu. Aldrei hafa greinst jafn fá jákvæð sýni á svínabúunum sem teljast smituð, í kjötsafaprófi og í stroksýnum af skrokkum. Lítur því út fyrir að aðgerðir til þess að halda tíðni salmonellu í lágmarki skili sér.

Eftirlit

Héraðsdýralæknar fara með eftirlit á svínabúum og í svínasláturhúsum. Eftirlit með lyfjaleifum í svínaafurðum fór fram með sama hætti og áður. Sjá nánar um aðskotaefnamælingar á síðu 8.

Á árinu 2005 voru alls rannsökuð 2.744 sýni vegna salmonellu, þar af 910 saursýni, 114 vöndulsýni og 1646 stroksýni. Auk þess voru 74 sýni tekin vegna sérstakrar rannsóknar á vegum yfirdýralæknis.

Ræktun saur- og vöndulsýna fór fram á Tilraunastöð H.Í. í meinafræði og Rannsóknþjónustunni Sýni ehf. Rannsókn á stroksýnum fór fram á sömu stöðum.

Saursýni

Ástæður saursýnatöku á svínabú vegna salmonellu:

- Að ósk eigenda í þeim tilgangi að meta stöðu búanna.
- Ef vöndull er jákvæður m.t.t. salmonellu í sláturhúsi þegar grísnum er slátrað frá viðkomandi búi.
- Þar sem aðstæður henta á smituðum búum, í þeim tilgangi að meta hvort grísahópur sé jákvæður eða neikvæður m.t.t. salmonellu.

Niðurstöður úr salmonelluræktun saursýna

Svínabú	Sýni*	Safnsýni**	Niðurstaða***	Hlutfall
Hrísey/SFÍ	1	14	0/14	0,00%
Bú nr. 1	2	15	0/15	0,00%
Bú nr. 2	24	713	4/713	0,56%
Bú nr. 3	1	35	1/35	2,85%
Bú nr. 4	3	34	1/34	2,94%
Bú nr. 5	15	87	3/87	3,44%
Bú nr. 6	2	12	3/12	25,00%
Alls	48	910	12/910	1,31%

Sýni* = Hversu oft sýni eru send inn til rannsókna.

Safnsýni ** = Fjöldi safnsýna; hvert safnsýni samanstendur oftast af 5 x 5 g af saur og er tekið úr 1-3 stíum/básam.

Niðurstaða*** = Talan vinstra megin við skástrikið gefur til kynna hversu mörg safnsýnanna voru jákvæð (*Salmonella* greinist) af heildarfjölda sýna sem er hægra megin við skástrikið.

Ræktun saursýna fór fram á Tilraunastöð H.Í. í meinafræði og Rannsóknþjónustunni Sýni ehf.

Tegundgreining salmonellu. Fjöldi greininga.

Salmonella typhimurium greindist í einu tilfelli á einu búi. *S. typhimurium* ónæm fyrir tveimur lyfjum greindist í þremur tilvikum á einu búi. *S. infantis* greindist í sjö tilfellum á þremur búum. Í einu tilfelli greindist *S. worthington* á einu búi og er þetta í fyrsta sinn sem þessi tegund greinist í svínarækt hér á landi. Sjá töflu á næstu síðu

Salmonella	Svínabú				
	A	B	C	D	E
<i>S. typhimurium</i> næm	1				
<i>S. typhimurium</i> ónæm*	3				
<i>S. infantis</i>		3		3	1
<i>S. worthington</i>			1		
Samtals	4	3	1	3	1

*ónæm gegn tveimur lyfjum.

Tegundagreining fór fram á Landsspítala-háskólasjúkrahúsi.

Rannsóknir

Þar sem *Salmonella typhimurium* ónæm fyrir tveimur lyfjum, Chloramphenicoli og Ampicillini, greindist á einu búi var á árinu 2004 ákveðið að athuga hvort finna mætti bakteríuna á fleiri stöðum. Sýnatökur hófust 7. október 2004 í þessum tilgangi. Sýni voru tekin reglulega einu sinni í hverri viku á einu búi. Fannst bakterían ekki á búinu og má með talsvert mikilli vissu segja að uppruni hennar hafi því ekki verið á viðkomandi búi.

Niðurstöður salmonellueftirlits í sláturhúsum

Á árinu var svínum slátrað hjá átta sláturleyfishöfum. Vöndulsýni (sýni úr niðurföllum) í sláturhúsum eru tekin frá búum sem ekki eru smituð af salmonellu, einu sinni í mánuði samkvæmt reglum yfirdýralæknis. Auk þess taka héraðsdýralæknar stöku sinnum vöndulsýni ef sérstök ástæða þykir til.

	Fjöldi sýna	Jákvæð	Hlutfall
Vöndulsýni	114	1	0,87%
Stroksýni	1646	28	1,70%

Rannsóknir á sýnum fóru fram á Tilraunastöð H.Í. í meinafræði og Rannsóknþjónustunni Sýni ehf.


Stroksýni – fjöldi skrokka

Stroksýni eru tekin af skrokkum frá búum þar sem salmonella hefur greinst í saursýnum. Stroksýni voru tekin af 10.511 skrokkum. Þar sem um safnsýni er að ræða getur fjöldi skrokka í hverju safnsýni verið fimm (algengast) en getur verið frá 1-12. Ef eitt safnsýni reynist jákvætt geta því allir fimm skrokkarnir (hámark) verið mengaðir eða einungis einn þeirra (lágmark). Miðað við heildarfjölda jákvæðra stroksýna, sem er 28 og hversu margir skrokkar stóðu á bak við viðeigandi stroksýni reyndust mengaðir skrokkar vera lágmark 28 og hámark 138. Hlutfall mengaðra skrokka hefur því verið á bilinu 0,26-1,31%. Sjá mynd á næstu síðu.

Niðurstöður stroksýna; fjöldi mengaðra skrikka

Tíðni salmonellu í stroksýnum fór lækkandi frá árinu 2001 til 2003. Ástæða þess að tíðni jókst árið 2004 samanborið við árið 2003 getur verið sú að í einu sláturhúsi var skipt um mannskap og vinnubrögð breyttust þess vegna tímabundið og að í einu tilfelli menguðust 60 skrokkar við eina slátrun í öðru sláturhúsi sem bendir til að eitthvað hafi farið úrskeiðis við þá slátrun. Tíðni salmonellumengaðra skrokka fór lækkandi árið 2005.

Fjöldi salmonellumengaðra skrokka 2001-2005



Kjötsafaprófið

Áfram voru tekin sýni vegna kjötsafaprófsins á árinu í því skyni að meta það sem eftirlitsaðferð framtíðarinnar. Skýrslu þar að lútandi var skilað til yfirdýralæknis í lok október 2003 um breytt eftirlit með salmonellu í svínum, þar sem lagt er til að eftirlitið verði framkvæmt með kjötsafaprófinu. Af 14 búum sem fylgst var með á árinu mældust mótæfni á fjórum þeirra. Á tveimur búum af þessum fjórum mældust mótæfni einu sinni, tvisvar sinnum á einu þeirra og fimm sinnum á einu. Þetta telst mjög gott ástand.

Aðgerðir vegna salmonellu

Vísað er í fyrri ársskýrslur dýralæknis svínasjúkdóma varðandi aðgerðir vegna salmonellu. Talsverð reynsla er nú komin á þær aðgerðir sem viðhafðar eru á svínabúunum. Niðurstöður samkvæmt framangreindum tölum lofa góða og benda til að aðgerðirnar skili árangri.

RÁÐSTEFNUR, FUNDIR OG ERINDI

Norræn samvinna

Samnorræn æfing í viðbrögðum við gin- og klaufaveiki var haldin í september. Undirbúningur stóð í eitt ár og sat dýralæknir svínasjúkdóma í undirbúningsnefnd fyrir æfinguna. Farið var með eftirlit í stjórnstöð þegar sjálf æfingin fór fram. Í nóvember var haldinn fundur í Malmö í Svíþjóð um æfinguna og kynnti dýralæknir svínasjúkdóma framkvæmd æfingarinnar á Íslandi.

Komið var að vinnu um stöðu salmonellu og aðgerða vegna hennar á Íslandi í tengslum við samnorræna álitargerð vegna salmonellu á Norðurlöndum. Á fundi í Kaupmannahöfn sem var sóttur ásamt Auði Arnþórsdóttur sóttvarnadýralækni kom fram að eftirlit með salmonellu er mismunandi á milli Norðurlandanna. Eftirlit er byggt upp með svipuðum hætti í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Í Danmörku er það með öðrum hætti en þangað hefur fyrirmyndar helst verið leitað við salmonellueftirlit í svínum hér á landi.

Fyrirlestrar og fræðslufni, ráðstefnur o.fl.

- Erindi um salmonellu á Íslandi. Samnorrænn fundur, Kaupmannahöfn í Danmörku, 30.-31. ágúst.
- Erindi um framkvæmd samnorrænnar æfingar í gin- og klaufaveiki á Íslandi. Samnorrænn fundur í Malmö í Svíþjóð, 22.-24. nóvember.
- Nokkrar þýddar greinar og staðfærðar á vef B.Í.
- Erindi um framkvæmd merkinga á svínum. Fundur 4. febrúar á Grand Hótel með dýralæknum.
- Aðalfundur S.F.Í. 30. apríl. Erindi um kynbótastefnu SFÍ.
- Samnorræn æfing í viðbrögum við Gin- og klaufaveiki, 19. - 23. september í Reykjavík.
- Fræðaping landbúnaðarins, 3. - 4. febrúar
- Málþing um nýjar reglur ESB við framleiðslu og heilbrigðiseftirlit með matvælum frá haga til maga. 15. júní á Hótel Sögu.
- Nordic Vet. Network group for Swine Specialists, 10. - 11. maí í Kolding, Danmörku.
- DVHS fundur, 12. - 13. maí í Kolding, Danmörku

dýravernd

Á árinu 2005 þurftu starfsmenn embættis yfirdýralæknis víða að hafa afskipti af dýraverndarmálum og líkt og á fyrri árum snerust flest þeirra um vanfóðrun og vanrækslu búfjár. Í ársskýrslum héraðsdýralækna kemur m.a. fram að mikil þörf er á að leyfisskylda búfjárhald og að slíkt leyfi yrði háð ýmsum skilyrðum sem varða aðbúnað og þar með dýravernd.

TILRAUNADÝR

Starf dýralæknis tilraunadýra er hlutastarf og Bergþóra Eiríksdóttir gegnir því. Hún er auk þess ritari tilraunadýranefndar og eftirlitsdýralæknir í Gullbringu- og Kjósarumdæmi.

LEYFI TIL DÝRATILRAUNA

Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir fjölda einstaklinga sem hefur verið veitt leyfi til dýratilrauna frá því að reglugerð nr. 279 um dýratilraunir tók gildi árið 2002 og til loka ársins 2005. Þar kemur einnig fram hve margar dýratilraunir hafa verið samþykktar á hverju ári.

Fjöldi tilrauna og einstaklinga með leyfi 2002-2005

Einum nýjum einstaklingi var veitt leyfi til dýratilrauna árið 2005. Tilraunadýranefnd samþykkti 13 nýjar dýratilraunir á árinu og einn aðili sótti um framlengingu á eldra leyfi. Tveim umsóknum um leyfi fyrir dýratilraunir var hafnað á árinu. Hérlandis hefur 25 einstaklingum verið veitt leyfi til dýratilrauna og alls hafa 74 tilraunir verið samþykktar. Á síðastliðnu ári stunduðu 13 leyfishafar dýratilraunir og unnið var í 35 dýratilraunum.

Ár	Einstaklingar sem fengu leyfi til dýratilrauna í fyrsta skipti	Samþykktar tilraunir
2002	3	4
2003	14	30
2004	7	27
2005	1	13
Alls	25	74

FJÖLDI TILRAUNADÝRA

Á myndinni á síðu 27 er yfirlit yfir fjölda dýra sem notuð hafa verið við dýratilraunir frá árinu 2003 - 2005. Á árinu 2005 voru 8065 dýr notuð við leyfisskyldar dýratilraunir. Mýs og fiskar voru algengustu tilraunadýrin; 3428 mýs voru notaðar við dýratilraunir (42,5% tilraunadýra) og 2473 fiskar (30,7% tilraunadýra). Í kjölfarið fylgdu rottur (880) og hross (1223). Af öðrum dýrategundum var notkunin mun minni (kanínur (10), naggrísir (9), kindur (20), kýr (4) og refir (13).

Endurnotkun dýra á síðasta ári var í lágmarki. Með endurnotkun á dýri er átt við að dýr sem hefur verið notað í eina tilraun er ekki aflífað í lok hennar, heldur látið lifa áfram og notað aftur. Samkvæmt Evrópusamþykktinni, sem íslenska reglugerðin er byggð á, eiga aðildarlöndin að halda endurnotkun dýra í lágmarki. Slík endurnotkun er einungis heimiluð hafi fyrri tilraun/rannsókn valdið dýrinu óverulegu álagi eða þjáningu og ef ekki er talið líklegt að fyrri tilraun gæti haft áhrif á útkomu eftirfarandi tilraunar. Alls voru 98 dýr endurnotuð á síðasta ári; 52 kýr, 14 kindur, 15 naggrísir og 17 hross.

Heildarnotkun á tilraunadýrum var 3,9% minni árið 2005 en árið 2004. Sé þróunin skoðuð frá árinu 2003, þá virðist sem töluverð aukning hafið orðið milli árana 2003 og 2004. Þessi aukning var hinsvegar ekki raunveruleg nema hvað viðkemur notkun á músum og rottum. Aukning á fjölda fiska milli ára (2003 og 2004) var sökum þess að árið 2004 hafði tilraunadýranefnd náð til fleiri aðila sem stunda tilraunir á fiskum en árið 2003. Aukningin er því að öllum líkindum ekki raunveruleg, þar eð líklegt er að svipaður fjöldi fiska hafi verið notaður 2003. Aukningin á fjölda músa og rotta á árunum 2003 og 2004 stafaði af auknum umsvifum á tveimur tilraunastöðvum.

Notkun músa við dýratilraunir árið 2005 jókst um 10,8 % frá því 2004, en notkun á rottum minnkaði um 15,2 % frá því árið 2004. 19,6 % aukning var á notkun hrossa við dýratilraunir milli árana 2004 og 2005, en notkun á fiskum minnkaði um 17,8 % frá því árið 2004.

Skýringarnar á þessum breytingum liggja í því að færri rottu- og fiskatilraunir voru stundaðar 2005 en 2004. Aftur á móti voru heldur fleiri músa- og hrossatilraunir stundaðar 2005 en árið 2004.

TEGUND RANNSÓKNA

Árið 2005 var mest um notkun á dýrum vegna rannsókna á sviði atferlisfræði, lyfjafræði, smitsjúkdóma, ónæmisfræði og vegna lyfja- og mótefnaframleiðslu.

ÍSLAND Í SAMANBURÐI VIÐ NOREG OG DANMÖRK

Á vefsíðum norsku og dönsku tilraunadýranefndanna má finna ársskýrslur nefndanna fyrir síðustu ár. Þegar ársskýrsla dýralæknis tilraunadýra fyrir árið 2005 var unnin höfðu ársskýrslur norsku og dönsku nefndanna ekki verið birtar. Samanburður frá 2004 milli Íslands og þessara tveggja Norðurlanda er að finna í töflunni hér að neðan. Taflan sýnir heildarfjölda dýra sem notuð voru við tilraunir í hverju landi og fjölda algengustu dýrategunda. Eins og fram kemur þá er notkun dýra við tilraunir hér á landi mun minni en í bæði Danmörku og Noregi.

	Dýr alls	Fiskar	Mýs	Rottur
Ísland	8.385	3.009	3.093	1.038
Noregur	322.790	267.375	32.250	11.916
Danmörk	351.024	34.195	206.761	79.546


Á töflunni má einnig sjá að í Noregi er mest notað af fiskum við dýratilraunir (83% tilraunadýra), en í Danmörku eru mýs mest notaðar við dýratilraunir (59% tilraunadýra). Árið 2004 var notkun fiska (37%) og músa (36%) nánast jafn mikil hér á landi.

EFTIRLIT

Eftirlit með reglugerð 279/2002 um dýratilraunir er í höndum héraðsdýralækna. Árið 2005 var farið í eftirlitsferðir á allar tilrauna-, birgða- og undaneldisstöðvar í Gullbringu- og Kjósarumdæmi. Auk reglubundinna eftirlitsferða héraðsdýralæknis, fór dýralæknir tilraunadýra í eftirlitsferðir vegna einnar tilraunar. Tilgangur eftirlitsins var að tryggja að framkvæmd tilraunarinnar væri í samræmi við dýraverndarlögin og reglugerð 279/2002 um dýratilraunir. Dýralæknir tilraunadýra skilaði tilraunadýranefnd og leyfishafa skýrslu um eftirlitsferðina.

Dýrategundir og fjöldi dýra notuð við tilraunir 2003-2005

(á myndina vantar villta fugla, villta minka, villta refi og svín en fjöldi þeirra tegunda var lítil)



inn- og útflutningur


Yfirdýralæknir hefur yfirumsjón og eftirlit með inn- og útflutningi lifandi dýra, erfðaefnis og búfjárafurða og fylgist með hollustu dýrafóðurs, skv. lögum nr. 68/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr. Á árinu gegndi Gísli Sverrir Halldórsson starfi dýralæknis inn- og útflutningseftirlits búfjárafurða og Hrund Hólm dýralæknir hafði umsjón með innflutningi gæludýra í samvinnu við embætti héraðsdýralækna Gullbringu- og Kjósarumdæmis og Eyjafjarðar- og Skagafjarðar-umdæmis.

INN- OG ÚTFLUTNINGUR LIFANDI DÝRA

Innflutningur gæludýra

Töluverð aukning var á innflutningi hunda og katta á árinu 2005 miðað við árið áður. Alls voru fluttir inn 166 hundar og 31 köttur frá 25 löndum. Aukningin er að miklu leyti til komin vegna þess að í desember tók til starfa ný einangrunarstöð fyrir hunda og ketti, Einangrunarstöð Reykjanesbæjar í Höfnum, en þar er samtímis hægt að vista 26 hunda og 9 ketti.

Innfluttir hundar og kettir 2003-2005



65 hundategundir og 11 kattategundir

Hundarnir sem voru fluttir inn á árinu voru af 65 mismunandi hundategundum (46 árið 2004) en algengastar voru labrador, golden retriever og þýskur fjárhundur (8 af hverri tegund), amerískur cocker

spaniel (6), bull mastiff, enskur bolabítur og pekinghundur (5 af hverri tegund). Blendingar af ýmsum toga voru 6 talsins. Húskettir voru algengastir meðal innfluttra katta (11) en fast á hæla þeirra fylgdu persar (10).

Upprunalönd innfluttra hunda og katta

Sex algengustu upprunalönd innfluttra hunda og katta má sjá í töflunni hér fyrir neðan.

Land	Hundar	Kettir	Dýr alls
Danmörk	39	8	47
USA	28	2	30
Svíþjóð	16	5	21
Bretland	16	1	17
Noregur	15	2	17
Ungverjaland	10	0	10


Innflutningur á hundasæði

Ekkert fryst hundasæði var flutt til landsins á árinu 2005.

Útflutningur hrossa

Árið 2005 voru flutt úr landi alls 1494 hross. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá fjölda útfluttra hrossa á árunum 2000-2005.

Útflutt hross 2000-2005



INN- OG ÚTFLUTNINGUR BÚFJÁRAFURÐA

Innflutningur

Embætti yfirdýralæknis vottaði alls um 1350 sendingar af innfluttum búfjárafurðum árið 2005.


Á árinu voru flutt inn alls 63,4 tonn af nautakjöti sem er heldur minna magn en árið 2004. Um var að ræða úrbeinaðar nautalundir, úrbeinað kálfakjöt og nautahakk frá Nýja-Sjálandi, Hollandi, Ítalíu, Finnlandi og Danmörku. Á myndinni hér til hægri má sjá yfirlit yfir innflutning á nautakjöti árin 2000-2005.

Útflutningur


Á meðfylgjandi myndum er samantekt yfir helstu útflutningsafurðir árið 2005. Eins og sést á samanburði árána 2004 og 2005 þá var flutt út um 600 tonnum minna af lamba- og ærkjöti árið 2005 en árið áður. Ýmsar athyglisverðar breytingar hafa síðan orðið á útflutningi til einstakra landa.

Sem dæmi má nefna að rúm 360 tonn af heyi voru flutt til Færeyja á árinu og útflutningur á mjókurafurðum eykst stöðugt og nam nærri 900 tonnum árið 2005.

Innflutningur nautakjöts árin 2000-2005 (tonn)




Útflutningur lamba- og ærkjöts eftir löndum 2003-2005*



*Á myndina vantar upplýsingar um útflutning til Belgíu, Egyptalands, Kýpur, Lúxemborg og Rússlands, sem var smávægilegur

Útflutningur landbúnaðarafurða 2005*



*Á myndina vantar dún (2,7 tonn 2004 og 2,4 tonn 2005).

Útflutningur hrossakjöts 2004-2005

